



90%
af völdum vörum!

ÚTSÖLUMARKAÐUR Faxafeni 12

FRÉTTABLAÐIÐ

22. apríl 2005 – 107. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Vefang: visir.is – Sími: 550 5000 **visir**


FÖSTUDAGUR



ÓTTAST TRÚARBRAGÐASTRÍÐ
Ekkert lát er á átökum í Írak. Níu týndu lífi þegar flugskeytarár var gerð á þyrlu í gær og reynt var að ráða forsætisráðherra bráða- birgðastjórnarinnar af dögum. **Sjá síðu 2**

HYGGJAST STÆKKA SJÓÐINN Páll Pálsson, nýr stjórnarformaður Sparisjóðs Hafnarfjarðar, boðar útrás. Gamla stjórnin var felld í ævispennandi stjórnarkjöri. Atburðarásin kemur fráfarandi stjórnarmanni mjög á óvart. **Sjá síðu 4**

VAXTABÆTUR SKORNAR NIÐUR
Vaxtabætur hluta framteljenda skerðast umtalsvert milli ára. Samdráttinn má rekja til breytinga á skattalögum og breytts fasteignamats. **Sjá síðu 6**



BJART MEÐ KÖFLUM víðast hvar á landinu. Gæti dropað lítið eitt allra syðst á landinu. Hiti 7-13 stig. **Sjá síðu 4**



DAGURINN Í DAG

PLANT Í LAUGARDALSHÖLL
Robert Plant heldur tónleika í Laugardalshöll í kvöld. Hljómsveitin The Strange Sensation sér um hljóðfæraleik fyrir Plant en íslenska sveitin Ske hitar upp fyrir rokkarann.

Kvikmyndir	42	Myndlist	40
Tónlist	38	Íþróttir	30
Leikhús	40	Sjónvarp	48

Krefjast áhættumats á Landspítalanum

Eftirlitsmaður Vinnueftirlitsins hefur sett fram kröfu um að fram fari áhættumat á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Veittur hefur verið rúmur frestur til að hefja það, þar sem verklagsreglur eru ekki tilbúnar.

HEILBRIGÐISMÁL Vinnueftirlitið hefur sett fram kröfu um að fram fari áhættumat á Landspítala - háskólasjúkrahúsi, að sögn Hafðisar Sverrisdóttur eftirlitsmanns.

Hafðis sagðist hafa sett fram kröfu af hálfu Vinnueftirlitsins um áhættumat eftir að hún fór eftirlitsferð um Landspítalan. Sjálf-sagt væri að hin ýmsu fyrirtæki og stofnanir færu í áhættumat, því það miðaði að því að gera faglegan og félagslegan aðbúnað enn betri en áður. Hún sagði enn fremur að áhættumat væri nú bundið í lög, en reglur um framkvæmd þess væru ekki fullbúnar. Þess vegna hefði spítalanum verið gefinn lengri frestur til að framkvæma það en

hinir hefðbundnu þrjú mánuðir, að viðbættum tímanum sem færi í könnunina.

Áhættumatið svokallaða er mismunandi eftir því hvaða stofnanir og fyrirtæki er verið að athuga. Þannig er sértækt mat fyrir bifreiðaverkstæði, annað fyrir skóla og leikskóla og þriðja gerðin fyrir umönnunargeirann, en undir hann falla sjúkra- og hjúkrunarstofnanir. Síðastnefnda matið tekur meðal annars til vinnuverndar, hollustuhátta, líkamsbeitingar, félagslegs og andlegs aðbúnaðar og öryggis, svo eitthvað sé nefnt.

Eins og um hefur verið fjallað í Fréttablaðinu hefur í vaxandi mæli borið á kvörtunum starfs-

fólks á LSH vegna aukins vinnuá-lags. Það er þó mjög mismunandi eftir deildum spítalans. Oddur Gunnarsson, lögmaður á skrifstofu starfsmannamála, hefur sagt að því miður komi upp að-stæður annað slagð vegna mönnunar, þar sem fólk líði illa vegna álags. Hann benti á að starfandi væri á spítalanum stuðnings- og ráðgjafateymi, sem tæki á málum sem upp kynnu að koma hjá einstökum starfsmönnum og rekstrareiningum. Síðan væri starfandi deild heilsu, öryggis og vinnuumhverfis á skrifstofu starfsmannamála LSH sem sinnti málum er vörðuðu líðan starfsmanna.

jss@frettabladid.is



Í **SKRÚBÖNGU** Sumardagurinn fyrsti var haldinn hátíðlegur víða um land í gær. Skrúðböngur eru fastur liður í hátíðarhöldunum og lagði þessi ganga af stað frá Árbæjarsafni með lúðrasveit í fararbroddi. Gangan endaði í Árbæjarkirkju, þar sem haldin var helgistund. Fjölskylduskemmtanir voru um allt land og ýmsar uppákomur fyrir bæði börn og fullorðna. **Sjá síðu 8**



KAMPAKÁTIR
Spænskir hommar og lesbíur kættust mjög yfir ákvörðun neðri deildar þingsins.

Fá að ganga í hjónaband

MADRÍÐ, AP Neðri deild spænska þingsins hefur samþykkt lagafrumvarp sem heimilar samkynhneigðum að ganga í hjónaband og ættleiða börn. Búist er við að efri deildin muni leggja blessun sína yfir frumvarpið á næstu vikum. Spánverjar munu þá fylgja Belgum og Hollendingum í þessum efnum.

Mikill fögnuður braust út fyrir utan húsakynni þingsins í Madrid í gær þegar ljóst varð að málið hefði hlotið brautargengi. Talsmenn kaþólsku kirkjunnar á Spáni lýstu hins vegar óánægju sinni yfir og þingmenn stjórnarandstöðunnar. ■

Mismunað eftir þjóðerni

NOREGUR Dómstól í Osló liggur undir ámæli fyrir að mismuna fórnarlömbum nauðgara eftir þjóðerni.

Dómstóllinn dæmdi 36 ára gamlan marokkóskan innflytjanda í fimmtán ára fangelsi fyrir að nauðga fjórum konum og áreita tvær aðrar. Ein kvennanna er norsk en henni var nauðgað á heimili sínu. Hinar eru vændiskonur frá Eystrasaltslöndunum. Norsku konunni voru dæmdar rúmar þrjár milljónir króna í skaðabætur en hinar konurnar fengu mun lægri upphæð.

„Ég skil ekki af hverju dómurinn telur að það eigi að vera ódýrara að nauðga útlendingum,“ sagði litháísk talskona innflytjenda í samtali við Aftenposten. ■

SUMARDAGAR Í SMÁRABÍÓI 21.-24. APRÍL!

Aðeins **400 kr.** í bíó á allar myndir alla helgina í boði **bíó.is** og aðeins 1.000 kr. í Lúxussall!*

Og Vodafone yfirtekur starfsemi Fjöltengis: Draumurinn sem varð að martröð

NEYTENDUR „Þetta held ég að allir hafi séð fyrir nema Alfreð Þorsteinsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir á sínum tíma,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, en fjarskiptafyrirtækið Og Vodafone hefur að mestu lokið yfirtöku á Fjöltengi, netfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur.

Fjöltengi hefur um tíma veitt heimilum netþjónustu gegnum rafmagnslagnir en slíkt hafa eng-

ir aðrir boðið hingað til. Verkefnið var á sínum tíma lofað sem næsta bylting á fjarskiptamarkaðnum en minna hefur orðið úr en efni stóðu til.

Guðlaugur segir að þarna hafi verið um að ræða R-lista drauminn sem varð að martröð. „Þegar þetta stóð fyrst til átti þetta að kosta nokkur hundruð milljónir króna en heildarkostnaður vegna internetsáráttu samtakanna er nú í kringum sex milljarðar



FRÁ SAMNINGAGERÐ
Og Vodafone sér hédan í frá um þjónustu gagnvart notendum Fjöltengis en með henni fæst netsamband gegnum rafmagnnið.

króna og ekki allt talið enn.“ Alfreð Þorsteinsson, stjórnarformaður Orkuveitunnar, segir að yfirtaka Og Vodafone hafi verið ákveðin fyrir allnokkru en hann viti ekki nákvæmlega hvenær yfirtökuferlinu ljúki endanlega.

ECCO

ECOCOS OF THE WORLD

VOR/SUMAR 2005
ECCO BLAÐIÐ FYLGIR MED Í DAG!



SPURNING DAGSINS

Eyþór, er helgin ekki nógu löng fyrir þig?

„Nei, hana má nýta mun betur en nú er gert.“

Sýnt er fram á það í nýjasta skólablaði Fjölbrotaskólans við Ármúla að stytta megi skólavikuna um einn dag með góðu móti og föstudagurinn talinn kjörinn til þess. Eyþór Jónsson er ritstjóri skólablaðsins.

Tugir mótmæla niðurrifi húss Guðjóns Samúelssonar: Mótmæli Borgnesinganna koma of seint

HÚSBYGGINGAR Mótmæli vegna fyrirhugaðs niðurrifs gamla Mjólkursamlagsins í Borgarnesi koma of seint, segir Páll S. Brynjarsson, bæjarstjóri í Borgarbyggð. „Það er ekki búið að ákveða hvenær húsið verður fjarlæggt en við stefnum að því að fjarlægja það,“ segir Páll. „Skipulagið fyrir gamla miðbæinn hefur verið samþykkt. Búið er að auglýsa það og lauk því fyrir þremur vikum. Á auglýsingatíma skipulagsins voru aðeins fjórir sem mótmæltu því að húsið yrði fjarlæggt.“

Sjötíu mættu á fund hollvina gamla Mjólkursamlagsins í húsinu á miðvikudaginn og rituðu 54 þeirra undir áskorun til bæjaryfirvalda um að stuðla að varðveislu byggingarinnar. „Húsið hefur mikið byggingar- og menningarsögulegt gildi fyrir Borgarbyggð, héraðið og landið allt. Undanfarið hefur húsið reynst vel sem menningar- og samkomuhús og er vel til þess fallið að verða lifandi kjarni í gamla miðbæ Borgarness,“ stendur í áskoruninni.



MYND/ARINBJÖRN HAUSSON

FJÖLMENNUR FUNDUR

Pétur H. Ármannsson arkitekt, Hólmfríður Sveinsdóttir, Stefán Ólafsson húsameistari, Sigríður Björk Jónsdóttir byggingalífræðingur, Halldór Hauksson og Magnús Skúlason, forstöðumaður húsafríðunarnefndar ríkisins, ræddu um Mjólkursamlagið á fjölmennum fundi á miðvikudagskvöldið.

Húsið er byggt eftir teikningu Guðjóns Samúelssonar, fyrrum húsameistara ríkisins. - gag

Pusher Street: Skotárás í Kristjaníu

DANMÖRK Einn maður lést og þrjár særðust í skotbardaga á Pusher Street í Kristjaníu í Kaupmannahöfn í fyrrakvöld. Mikil skelfing greip um sig í fríríkinu í kjölfarið.

Enn er óljóst hver tildrög bardagans voru en að sögn Berlingske Tidende virðist sem hópur manna hafi skipst á skotum með vélbyssum með fyrrgreindum afleiðingum. Byssumennirnir þustu svo út úr Kristjaníu, ógnuðu vegfaranda með byssu og stálu bifreið hans.

Lögregla leitar nú fjögurra innflytjenda á dökkum bíl en þeir eru grunaðir um aðild að málinu. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

UPP GAMLAN VEG

Tveir menn numu sautján ára pilt með sér upp á gamla Vaðlaheiðarveginn og skutu hann ellefu skotum úr loftskammbyssu.

Skotárás:

Mennirnir tveir lausir

LÖGREGLUMÁL Mönnunum tveimur sem skutu ellefu skotum úr loftskammbyssu á sautján ára pilt upp á Vaðlaheiði hefur verið sleppt. Lögreglan á Akureyri segir málið upplýst.

Lögreglan vildi ekki gefa upp hvert framhald málsins yrði en sagði jafnframt að árásin væri með þeim alvarlegri sem hún hefði fengist við.

Mennirnir tóku piltinn upp í bíl sinn og óku með hann úr alfaraheið. Þar skutu þeir sex skotum á piltinn og skipuðu honum að afklæðast og héldu skothríðinni áfram. Fjarlægja þurftu tvö skot úr líkama pilsins, úr læri og handarbaki. - gag

SJÓSÓKN

MÖRG SKIP Á SJÓ 498 skip voru á sjó í gær. Vaktmaður Tilkynningaskyldunnar sagði skipin nota tækifærið og fara á sjó strax að hrygningarstoppinu loknu, en bannað er að veiða bolfisk meðan hann hrygnir.

LÖGREGLUFRETTIR

TVEIR Í TUKHÚSI Tveir menn á þrítugsaldri gistu fangageymslu lögreglunnar í Hafnarfirði í fyrri nótt. Annar var ofurólvi við bensínstöð Olís á Vesturgötu en hinn var fjarlægður úr samkvæmi í heimahúsi.

Vaxandi ótti um trúarbragðastríð

Ekkert lát er á átökum í Írak. Ellefu týndu lífi þegar flugskeytaárás var gerð á þyrllu í gær og reynt var að ráða forsætisráðherra bráðabirgðastjórnarinnar af dögum.

ÍRAK, AP Ellefu manns fórust í Írak í gær þegar flugskeytum var skotið á þyrllu þeirra. Auk þess var forsætisráðherra írösku bráðabirgðastjórnarinnar sýnt banatíl-ræði. Áhyggjur manna af átökum trúarhópa í landinu fara vaxandi.

Ekkert lát virðist á vöðaverkum í Írak. Í gær var flugskeytum skotið að þyrllu norður af Bagdad með þeim afleiðingum að allir farþegar hennar fórust. Þar af voru þrjár Búlgarar sem flugu vélinni og sex Bandaríkjamenn sem voru verktakar hjá bandarísku öryggisfyrirtæki. Þeir voru á leiðinni til borgarinnar Tikrit. Enginn hefur lýst ábyrgð á verknaðinum á hendur sér.

Miðvikudagurinn var ekki síður blóðugur en þá fórust 13 manns í tilræðum víða um land, auk 21 sem særðist illa. Einni sprengjuárásinni var beint gegn bílalest Iyad Allawi, forsætisráðherra bráðabirgðastjórnarinnar, en hann slapp ómeiddur. Fylgismenn al-Kaída í Írak lýstu því yfir í kjölfarið að þeir hefðu verið að verki. „Allawi slapp, en þótt ein örmissi marks eru margar eftir í örvamælinum,“ sagði á vefsíðu þeirra.

Kennsl hafa verið borin á lík 19 manna sem fundust á íþróttavelli nálægt höfuðborginni en þeir höfðu verið teknir af lífi. Ólíkt því sem talið var í fyrstu þá voru mennirnir ekki hermenn heldur fiskimenn sem ætluðu að halda upp á afmæli spámansins. Ekki er vitað hver var að verki.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

TEKNIR AF LÍFI

Búið er að bera kennsl á mennina níttán sem voru teknir af lífi á íþróttaleikvangi í Haditha. Þeir voru ekki hermenn eins og í fyrstu var talið heldur fiskimenn.

Írakar eru orðnir óþreyjufullir eftir að stjórnámálmenn þeirra myndi starfhæfa ríkisstjórn. Tilkynna átti um myndun hennar í gær en því hefur enn verið frestað. Óttast er að upp úr sé að sjóða í samskiptum trúarhópa í landinu og gaf líkfundurinn í Týgrís í vikubyrjun þeim röddum byr undir báða vængi. Þá fundust lík af 50 sjúum sem hafði verið

rænt í bænum Madain. Þó hefur verið á það bent að harkalegar aðgerðir stjórnvalda gegn gíslátökum mönnum geti hafa leitt til óðagots í þeirra röðum með þessum hörmulegu afleiðingum. Almenn- ingur virðist enn sem komið er ekki ætla að láta draga sig út í trúarbragðastyrjöld, á þessari stundu eru það aðeins öfgahópar sem reyna að spilla friðnum. ■



FORELDRAR STÚLKUNNAR

Wyatt-hjónin ásamt lögmanni sínum fyrir utan dómshúsið.

Kornabarn:

Verður ekki lífgað við

LONDON, AP Breskir dómstólar hafa staðfest úrskurð um að eins og hálfis árs gömlu alvarlega veik barni skuli leyft að deyja hætti það að anda. Foreldrar barnsins höfðu áfrýjað fyrri dómi og freistuðu þess að fá honum hnekk.

Charlotte Wyatt er fyrirburi og var innan við hálft kíló á þyngd þegar hún fæddist. Hún er nánast blind og heyrnarlaus og læknar segja heilaskemmdir hennar svo miklar að eina tilfinningin sem hún upplifi sé stöðugur sársauki. Því sé mannúðlegast að reyna ekki að lífga hana við hætti hún að anda. Foreldrar stúlkunnar trúa að lífi stúlkunnar skuli reyna að bjarga hvað sem það kostar. ■

Reykjanesbraut:

Ökumaður á ógnarhraða

LÖGREGLUMÁL Ungur ökumaður á bráðabirgðaskírteini hunsaði lög-reglu. Hann nam ekki staðar er lögreglan mældi hann á 176 kílómetra hraða á Reykjanesbrautinni um klukkan hálf sex í gærmorgun.

Bífreið unga mannsins fannst stuttu síðar í Ytri-Njarðvík yfirgefin. Ökumaður og félagi hans voru teknir á göngu stuttu frá og fluttir á lögreglustöðina í Keflavík til yfirheyrslu en var sleppt að henni lokinni. - gag

Atlantshafsbandalagið:

Vill aukna samvinnu við Úkraínu

UTANRÍKISMÁL Utanríkisráðherrar aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins eru sammála um að efla skuli hernaðar- og pólitíska samvinnu við Úkraínu og gáfu Úkraínunum þar með vonir um að geta gengið í bandalagið á næstu árum.

NATO-ríkin lofuðu að aðstoða Úkraínu við að gera nauðsynlegar breytingar til að geta gengið í bandalagið. Þau gengu þó ekki svo langt að lofa Úkraínunum um inngöngu. Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, segir að samkomulagið færi samskipti NATO og Úkraínu á nýtt stíg.

Utánríkisráðherra Úkraínu fagnar samkomulaginu og segir

að hægt sé að ljúka nauðsynlegum umbótum á þremur árum. Sumir ráðherrar NATO-ríkjanna telja það þó of mikla bjartsýni.

Á fundi ráðherranna var einnig staddur Sergej Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, og í orðum hans mátti greina að Rússar hafa mildast í andstöðu sinni gagnvart aðild Úkraínu að NATO. „Úkraínu er í sjálfsveld sett hverjum hún kys að vinna með,“ sagði hann og bætti við að tímabært væri að samskipti bandalagsins og Rússlands yrðu enn nánari. Rússar og NATO-ríkin hafa raunar um nokkurt skeið haft samvinnu á sviði varnar- og öryggismála en þó er lítil áhugi í herbúðum beggja á




RÁÐHERRAR NATO-RÍKJANNA

Ráðherrarnir hittu forseta Litháens í gær og voru ánægðir með fundinn. Lengst til hægri má sjá Davíð Oddsson.

fullri aðild Rússa.

Hugmyndir hafa verið uppi um mögulega aðkomu NATO að friðarferlinu fyrir botni Miðjarðarhafs en þær féllu í grýttan jarðveg á fundinum í gær. ■

Alltaf þægilegt



Ódýrt bensín

14 stöðvar!
www.ob.is

Sumir nota stundum hjálm. En okkur finnst að allir ættu
að nota hjálm yfir höfuð – alltaf. Hjálmur bjarga mannlífum.
Sýndu fyrirhyggju – og njóttu lífsins áhyggjulaus!



Yfir höfuð – alltaf

HVITA HÚSID / SÍA



GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 20.04.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	62,35	62,65
Sterlingspund GBP	119,33	119,91
Evra EUR	81,34	81,80
Dönsk króna DKK	10,91	10,98
Norsk króna NOK	9,92	9,98
Sænsk króna SEK	8,85	8,89
Japanskt jen JPY	0,58	0,59
SDR XDR	94,58	95,14

Gengisvísitala krónunnar
111,93 -0,25%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Sjávarútvegsnefnd og fiskifræðingar Hafrannsóknastofnunar á fundi í dag um slæmt ástand þorsksins:

Þrjú lélegir þorskárgangar valda áhyggjum

SJÁVARÚTVEGUR Guðjón Hjörleifsson þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður sjávarútvegsnefndar Alþingis varð í gær við óskum stjórnarandstæðinga í nefndinni um neyðarfund í dag með forstjóra Hafrannsóknastofnunarinnar.

„Við ætlum að ræða nýjar upplýsingar stofnunarinnar um bágborið ástand þorskárganga undanfarin ár, en stofnunin vill skýra nokkur atriði betur. Í næstu viku verða nefndarfundir á Alþingi og þá gefst okkur kostur á að ræða þessar upplýsingar nánar innan sjávarútvegsnefndar“, segir Guðjón. Magnús Þór Hafsteinsson, þingmaður Frjálslynda flokksins,



GUÐJÓN HJÖRLEIFSSON
Formaður sjávarútvegsnefndar segir að rætt verði nánar við fiskifræðinga í dag.

þess að ræða við sérfræðinga Hafrannsóknastofnunarinnar um þetta grafalvarlega mál. Ég er

krafðist í gær neyðarfundar í sjávarútvegsnefnd vegna málsins. Hann segir deginum ljósara að fiskveiðistjórnunin sé árangurslaus og vanhæfir menn séu við stjórnvölinn. „Ég tel mjög brýnt að fá tækifæri til þess að ræða við sérfræðinga Hafrannsóknastofnunarinnar um þetta grafalvarlega mál. Ég er



ÞORSKUR
Þrjú lélegir þorskárgangar á fjórum árum.

sannfærður um að þessi nýju tíðindi um yngstu þorskárgangana hér við landi verði notuð til þess að réttlæta 15 til 20 prósentu niðurskurð á þorskkvóta næsta fiskveiðisárs.

Stofnmælingar Hafrannsóknastofnunarinnar leiða í ljós að stofn-

vísitala þorsksins er um 16 prósentum lægri nú en fyrir ári. Þær benda jafnframt til þess að árgangarnir 2004 og 2001 séu mjög lélegir, 2003 árgangurinn frekar lélegur en árgangurinn frá árinu 2002 sé nálægt meðallagi.

-jh

Rólegt um landið: Skemmtun í miðri viku

LÖGREGLUMÁL Skemmtistaðir voru opnir á nær öllu landinu síðasta vetrardag og dansleikir víða.

Alls sóttu 160 nemendur Menntaskólans á Akureyri dansleik í félagsheimili Ólafsfirðinga, Tjarnaborg. Lögreglan segir ballið hafa farið vel fram. Á Egilsstöðum sótti margt fólk skemmtistaði bæjarins og var um tíma fullt út úr dyrum á skemmtistaðnum Svart hvítu hetjunni.

Helst var róstur á Selfossi þar sem lögreglan þurfti að stöðva tvönn átök manna og ungur maður gisti fangageymslu í Borgarnesi eftir dansleik Geirmundar Valtýssonar.

-gag

LÖGREGLUFRÉTTIR

EINN Í STEININN Maður rétt yfir tvítugu gisti fangageymslu lögreglunnar í Borgarnesi í fyrri nótt. Hann var drukinn og með læti á dansleik hljómsveitar Geirmundar Valtýssonar í bænum. Dyraverðir hringdu í lögreglu, sem átti í mesta basli með manninn áður en honum var stungið inn.

ENN Í GÆSLUVARÐHALDI Tveir manna fimm sem teknir voru við Blönduós á fimmtudag fyrir viku með 300 grömm af hassi eru enn í gæsluvarðhaldi lögreglunnar á Akureyri. Hún segir málið á góðri leið en ekki sé hægt að sleppa mönnum fyrir en málið upplýsist.

UNG KONA ÚT AF Kona undir tvítugu keyrði í fyrri nótt bíl út af utan Árskógsstrandar við Eyjafjörð. Hún er grunuð um ölvun undir stýri. Lögreglan segir ungu konuna hafa fengið áfall við útafaksturinn. Hún hafi verið flutt með sjúkrabíl til aðhlyningar. Bíllinn sé lítið skemmdur.

Ætlum að stækka sjóðinn

Páll Pálsson, nýr stjórnarformaður Sparisjóðs Hafnarfjarðar, boðar útrás. Gamla stjórnin var felld í æsispennandi stjórnarkjöri. Atburðarásin kemur fráfarandi stjórnarmanni mjög á óvart.

SPARISJÓÐIR Hallarbylting var gerð í Sparisjóði Hafnarfjarðar á aðalfundi sjóðsins í fyrrkvöld. Stóð fundurinn á fimmta tíma. Listi sitjandi stjórnar var felldur með eins atkvæðis mun í kosningu gegn lista skipuðum fimm stofnfjáreigendum.

Nýja stjórnin er skipuð þeim

Eyjólfi Reynissyni, Ingólfi Flygenring, Páli Pálssyni, Trausta Ó. Lárussyni og Þórði Magnússyni. Páll hefur tekið við starfi stjórnarformanns SPH.

Páll segir að hann og fleiri stofnfjáreigendur hafi verið ósáttir við rekstrarniðurstöðu SPH undanfarin ár og vilji því ná

fram breytingum. Hann segir hagnað sjóðsins tilkominn vegna mikils gengishagnaðar en að afkoma af bankastarfsemi sé óviðunandi. Ný stjórn ætlar að leitast við að tryggja rekstur SPH sem sé sterk og góð fjármálastofnun. Páll sér meðal annars tækifæri í því að stækka hlutdeild SPH á fyrirtækjasviði. „Við boðum hugmyndir um ákveðna útrás og ætlum að stækka sjóðinn“, segir Páll. Hann bætir því við að höfuðstöðvar Sparisjóðsins verði áfram í Hafnarfirði.

Sparisjóður Hafnarfjarðar gæti því bæst í hóp hinna stóru sparisjóðanna, SPRON og Sparisjóðs vélstjóra, sem hafa boðað frekari vöxt á starfsemi. Stofnfé SPH er ekki nema brot af þriggja milljarða króna eigin fé hans, aðeins fimmtán milljónir, og er í eigu 47 stofnfjáreigenda.

Árni Grétar Finnsson, sem sat í gömlu stjórninni og var fundarstjóri, segir að þetta hafi komið mjög á óvart. Hann hefur ekki orðið var við óánægju annarra stofnfjáreigenda fyrir en nú. Stjórn hafi undantekningarlaust verið sjálfkjörin og hélt hann að fara þyrfti aftur til ársins 1940 til að finna aðalfund þar sem síðast var kosið var í stjórn. Árni Grétar segist vona að ný stjórn fari ekki út í miklar breytingar á starfsemi sjóðsins. „Sparisjóðurinn hefur reynt farsæl stofnun í Hafnarfirði. Síðasta ár kom mjög vel út eftir nokkur erfið ár á undan.“

Matthías Á. Mathiesen lét af störfum sem stjórnarformaður SPH fyrir fundinn en hann hefur verið stjórnarformaður sjóðsins í 47 ár og var enn fremur sparisjóðsstjóri um tíma.

eggert@frettabladid.is



SPARISJÓÐUR HAFNARFJARÐAR

Hópur stofnfjáreigenda felldi sitjandi stjórn á aðalfundi og boðar stækkun sjóðsins. Nýr stjórnarformaður er ósáttur með rekstur sjóðsins og vill styrkja bankastarfsemi.

Condoleezza Rice: Hallmælti Lúkasjenkó

LITHÁEN, AP Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hitti sjö andólfsmenn frá Hvíta-Rússlandi í Litháen í gær og lofaði þá fyrir baráttu sína gegn „síðasta harðstjóranum í Mið-Evrópu“ og vísaði þar til Alexander Lúkasjenkó, forseta landsins, sem hefur stjórnað með harðri hendi undanfarin ellefu ár.

Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, tulkar ummæli Rice á þann veg að hún sé að gefa í skyn að Lúkasjenkó verði steypt með erlendra ihlutum.

Ráðamenn í Hvíta-Rússlandi kalla ummæli Rice aðdröttanir og ákall til að steypa löglega kjörinni ríkisstjórn sjálfstæðs ríkis. ■



CONDOLEEZZA RICE
Gagnrýndi Alexander Lúkasjenkó.

KÓLUMBÍA

RÁÐIST GEGN SKÆRULIÐUM Kólumbíski stjórnarherinn réðist í fyrradag gegn skæruliðum úr FARC-samtökunum alræmdu sem höfðu hertekið lítið indíanaþorp í suðvesturhluta landsins. Áttu manna hafa látist í átökum á þessum slóðum síðustu daga, þar á meðal níu ára gamall piltur.

LÖGREGLUFRÉTTIR

ELDUR Í RUSLI Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins slökkti eld á örfaum mínútum sem kviknaði í ruslageymslu við Síðumúla 37 um tvöleystið í gær. Sex fyrirtæki eru þar til húsa en hættan var engin. Litlar sem engar skemmdir urðu.

SUBARU
MED HUGANN VÍÐ AKSTURINN

ÓTVÍRÆÐIR YFIRBURÐIR
Gerðu fyrst gæðasamanburð. Svo skaltu gera verðsamanburð.

LEGACY
Subaru Legacy Wagon sjálfskiptur

Verð nú **2.460.000**

Verð á mán **29.447,-***

Ingvar Helgason Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is


*Bílasamningur með 20% inntögu og eftirstöðvar í 84 mánuði

Veðrið

FRÁBÆR HELGARSPÁ!!
Já, helgin lofar mjög góðu. Hægvíðri, bjart með köflum og milt. Getur ekki verið betra. **GÆTI RIGNT EINHVERS STAÐAR Í DAG OG UM HELGINA?** Helst er að sjá að dropað geti allra syðst á landinu. En á sunnudaginn er þó útlit fyrir að úrkomu geti náð til höfuðborgarinnar. Verður þó líklega minniháttar. **HVAR VERÐUR SÓLRÍKAST UM HELGINA?** Líklega verður það á Norðaustur- og Austurlandi. En það verður bjart með köflum víða.



Um hádegi í dag



Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	9°C skýjað	Paris	16°C skýjað	Torrevieja	23°C skýjað
Osló	11°C skýjað	Berlín	11°C skýjað	Milano	14°C léttskýjað
Stokkhólmur	6°C skýjað	Frankfurt	14°C skýjað	New York	16°C léttskýjað
Helsinki	3°C léttskýjað	Madrid	23°C skýjað	San Francisco	20°C léttskýjað
London	16°C skýjað	Barcelona	17°C skýjað	Orlando/Florida	29°C léttskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skýggð á kortinu. Minniháttar úrkomu er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Grillaðu um helgina

**Danskar
Kjúklingabringur**
lausfrystar, 1 kg



TILBOÐ
1.299 kr/pk
Verð áður 1.499,-

**Jóí
FEL**



Lambainnræleri
m/ólfupesto, svörtum ólífum, oregano og basil



Dijon hunangs sósa



Franskar svínalundir Dijon
m/dijon sinnepi, hunangi, oregano og rósapipar



Rósapipar sósa



Norður-ítölsk nautasteik
m/ólfuolíu, timjan, fennel og oregano



Basil & hvítlauks sósa



TILBOÐ
139 kr/stk
Verð áður 219,-

7UP free 2 ltr.



TILBOÐ
299 kr/stk
Verð áður 347,-

Nestle Nesquik og Smarties ís



TILBOÐ
399 kr/stk
Verð áður 598,-

Freschetta Brickoven pizzur

Gildir til 24. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Líst þér vel á nýjan páfa?

Niðurstöður gærdagsins á [visir.is](#)

Já	47,7%
Nei	52,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að setja lög um fjármál stjórnmálaflokkanna?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](#) og segðu þína skoðun



Brisfrumuigræðslur í sykursjúka gefa góða raun:

Lækning við sykursýki í sjónmáli

HEILSA Lækning gæti verið í sjónmáli við insúlínháðri sykursýki eftir að læknum í Japan tókst að græða brisfrumur úr konu í dóttur hennar sem þjáðist af sjúkdómnum.

Þetta er í fyrsta sinn sem flutningur brisfruma úr lifandi manneskju í aðra heppnast vel en aðgerðin fór fram á háskóla-sjúkrahúsinu í Kyoto í Japan á dögunum. Að sögn BBC heilsast mæðgunum vel og hefur dóttirin ekki þurft að sprauta sig með insúlíni síðan fljótlega eftir að frumurnar voru græddar í hana.

Brisfrumur, sem eru teknar úr briskirtlinum, framleiða insúlín

en það stýrir blóðsykurmagni líkamans. Brisfrumur sykursjúkra eiga hins vegar í vandræðum með að búa til hormónið.

Áður hafa menn freistað þess að græða brisfrumur úr látnu fólki í sykursjúka, með misgöðum árangri því frumurnar eru oft skemmdar.

Þótt fyrstu aðgerðirnar lofi góðu þá vara lækningar við of mikilli bjartsýni því aðgerðin er enn á tilraunastigi. Auk þess þýðir aðgerðin að frumugjafanum er sjálfum hættara við að fá sykursýki.

Um sex þúsund Íslendingar eru með sykursýki en aðeins hluti þeirra er með þá insúlínháðu. -shg



MYND/SCIENCE/ISTOCK

INSÚLÍNI SPRAUTAÐ

Þeir sem þjáast af insúlínháðri sykursýki gætu senn fengið bót meina sinna.

Sambía: Allt að 77 biðu bana

LUSAKA, AP 51 maður fórst í sprengiefnaveirsmiðju í Sambíu í fyrradag. 26 er enn saknað og er óttast að þeir séu einnig látnir.

Verksmiðjan er í bænum Kitwe sem er 400 kílómetrum norður af höfuðborginni Lusaka. Hún sér koparnámum í héraðinu fyrir dýnamíti.

Sprengingin var gífurlega öflug og flattist verksmiðjuhúsið út. Ekki er talið líklegt að nokkur sem var þar við störf hafi komist lífs af. Fljótlega eftir slysið þustu grátandi ættingjar verkamannanna á vettvang en lögregla hleypti þeim ekki inn á svæðið. Nú er rannsakað hvað olli sprengingunni. ■

ÍSRAEL

SAMKYNNHEIGÐIR HALDA SÍNU STRIKI Gay Pride-hátíð samkynhneigðra sem haldin verður í Jerúsalem í ágúst hefur mætt mikilli andstöðu strangtrúaðra múslima, gyðinga og kristinna. Að sögn dagblaðsins Haaretz fordæmdu talsmenn hátíðarinnar framkomu trúarhópanna en lofuðu jafnframt að umgangast helga staði borgarinnar af virðingu.

STYRKIR

NÍU FÁ STYRK VILDARBARNNA Níu langveik börn fengu styrk úr styrktarsjóði Íslendinga, Vildarbörn. Í styrknum felst skemmtiferð fyrir barnið og fjölskyldu þess og er allur kostnaður greiddur af fyrirtækinu. Þetta er í fjórða sinn sem Íslendingar úthlutar styrkjum úr sjóðnum. 65 fjölskyldur sóttu um styrk.



REYKJAVÍK

Sérfræðingar segja minnstan samdrátt í greiðslum vaxtabóta hjá þeim hópnum sem mest skulda. Einn viðmælenda blaðsins segir að vaxtabætur hans skerðist nú um rúmar 100 þúsund krónur milli ára, án þess að aðrir ytri þættir á borð við laun, skuldir, eða fjölda barna, hafi breyst.

Vaxtabætur skornar umtalsvert niður

Vaxtabætur hluta framteljenda skerðast umtalsvert milli ára. Samdráttinn má rekja til breytinga á skattalögum og breytts fasteignamats.

EFNAHAGSMÁL Við útreikning gjalda vegna skattframtals hafa komið upp dæmi þar sem vaxtabætur fólks lækka umtalsvert milli ára. Þar spilar meðal annars inn í breyting sem gerð var á lögum um tekju- og eignarskatt árið 2003 en kemur nú til framkvæmdar og felst í því að vaxtagjöld geta nú ekki verið hærra en sem nemur 5,5 prósentum af skuldum, í stað 7 prósentu áður. Við næstu skattskil lækkar þetta hlutfall svo enn og verður 5 prósent.

Vaxtabætur eru ákvarðaðar eftir einni af þremur leiðum, en ávallt valin lægsta tala. Lítið er til krónutölu samkvæmt framtali, hlutfalls af eftirstöðvum skulda, eða hámarksupphæðar vaxtabóta. Þegar búið er að finna upphæð dragast frá 6 prósent af tekju-skattsstofni og samkvæmt gild-

andi skattalögum eru greidd út 95 prósent af vaxtabótunum. Í fyrra var þetta hlutfall 90 prósent, en fyrir þann tíma var sú viðbótarskerðing ekki til staðar.

Ivar Guðmundsson, endurskoðandi hjá Deloitte, segir marga hluti hafa áhrif á hversu miklar vaxtabætur fólk fái greiddar.

„Ég sé mörg svona dæmi og af ýmsum toga þar sem ólíkir hlutir hafa áhrif. Fólk fer upp í tekjum og eignum og fasteignamat rýkur upp meira en skuldir. Vaxtabætur skerðast við að hrein eign fer yfir ákveðin mörk og hef ég séð að sumt fólk missir vaxtabætur og hreina eiginin fer yfir mörkin. Þetta er því margslungið,“ segir hann og telur erfitt að átta sig á hversu mikil áhrif breytingin á endurgreiðslum sem hlutfall af skuldum hafi.

„Við sem vinnum við þetta erum að sjá vaxtabætur ganga niður, en reyndar ekki hjá þeim sem eru í skuldasúpunni. Þar er sáralítil hreyfing, en þeir sem eru á mörkunum og voru í fyrra og hitteðfyrra að fá einhverja tugi þúsunda, detta núna allt í einu út.“

Þóra Margrét Þorgeirsdóttir, sérfræðingur á skatta- og lögfræðisviði Deloitte, segir ekki hafa verið skoðuð sérstaklega áhrif á einstaklinga þegar farið var yfir skattalagabreytingafrumvarp ríkisstjórnarinnar. Hún telur óvíst að heildarútgjöld ríkissjóðs vegna vaxtabóta hafi mikið breyst vegna breytingarinnar á greiðslum í hlutfalli við skuldir þó svo að einhver tilfærsla kunni að hafa orðið.

olikt@frettabladid.is

Við leikum út ýmsum trompum og bjóðum

Vorbúhnykkur

í heimsókn.

Mikið úrval **stórra** og **smárra heimilistækja** ásamt lömpum, **þráðlausum símum** og **farsímum** á sannkölluðum Vorbúhnykkskostakjörum.

Komið og gerið frábær kaup.

SMITH & NORLAND

Stofninn 4 • 105 Reykjavík
Sími 530 3000 • [www.snr.com.is](#)

Taktu helgina með Hertz tilboði



Toyota Corolla

9.900 kr.

Innifalið: 3 dagar, 500 km akstur og kaskótrygging.

Tilboðið gildir til 30. apríl 2005

Láttu ekki áætlanir helgarinnar stranda á bílnum. Við höfum bílinn sem hentar þínum þörfum á lægra verði en þig grunar. Tilboðsverð miðast við að þú sækir bílinn á föstudegi og skilir honum á mánudagsmorgni. Hver leiga færir þér **500 Vildarpunkta** að auki. Hafðu samband, Hertz hjálpar þér áfram.

Hertz

50 50 600 • [hertz@hertz.is](#)

Vildarklúbbur
icelandair.is/vildarklubbur

Menntamálanefnd Alþingis:

Magnús inn fyrir Sigurjón

STJÓRNMÁL Magnús Þór Hafsteinson hefur skipt sæti við Sigurjón Þórðarson sem áheyrnarfulltrúi Frjálslynda flokksins í menntamálanefnd Alþingis.

Telur flokkurinn að reynsla Magnúsar komi sér vel í þeirri baráttu sem fram undan er í nefndinni um framtíðarskipan Ríkisútvarpsins og því var þessi ákvörðun tekin. Magnús starfaði lengi vel á fréttastofum útvarps og sjónvarps og hefur þótti standa sig vel í nefnd menntamálaráðherra vegna nýlegrar skýrslu um starfsumhverfi fjölmiðla á Íslandi. -aóe

Í MENNTAMÁLANEFND

Magnús Þór hefur komið í stað Sigurjóns Þórðarsonar í menntamálanefnd Alþingis.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Forseti Ítalíu: Ræðir við formenn

RÓM, AP Forseti Ítalíu hóf viðræður við formenn ítölsku þingflokka um myndun nýrrar ríkisstjórnar. Silvio Berlusconi forsætisráðherra baðst lausnar á mívikuðag, en sagðist hafa í hyggju að mynda aðra ríkisstjórn.

Carlo Azeglio Ciampi forseti á tvo kosti í stöðunni; hann getur annað hvort rofið þing og boðað til kosninga eða valið einhvern til að mynda nýja stjórn sem situr þar til kjörtímabilinu lýkur um mitt næsta ár. Berlusconi virðist viss um að geta myndað nýja stjórn vandræðalaust, en ítalskir stjórnmálaskýrendur segja að það muni krefjast mikillar jafnvægislistar. ■



Múrbúðin er flutt á Klettháls 7



Velkomin í nýja glæsilega byggingavöruverslun í Árbænum

Við bjóðum alla velkomna í nýja verslun
Múrbúðarinnar á nýjum stað að Kletthálsi 7.
Þar bjóðum við glæsilegt úrval af hvers kyns
byggingavörum, verkfærum og tækjum
á góðu verði fyrir **alla alltaf**.

MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum

Klettháls 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvaða forseti Suður-Ameríku var sviptur völdum í fyrradag?
- 2 Hverjir standa að nýju dagblaði sem stendur til að gefa út?
- 3 Hvað heitir nýr hjálfari handboltaliðs karla hjá Fram?

SVÖRIN ERU Á BLS. 50

Eitt félag af 24 felldi heildarsamning BHM: Sálfræðingar vilja sér stofnanasamning

KJARAMÁL Sálfræðingar innan Bandalags háskólamanna hafa fellt samkomulag sem 24 félög þess gerðu sameiginlega við ríkið um kjör.

Halldóra Friðjónsdóttir, formaður Bandalags háskólamanna, segir félagið þurfa að semja sér við ríkið sem geti orðið því erfitt. Hún sé bjartsýn á að fjármálaráðherra samþykki heildarsamninginn við þau félög sem hafi samþykkt hann. Alls felldu 85 prósent sálfræðinganna, eða 57 þeirra

sem kusu, samninginn en fjórir vildu samþykkja hann.

Brynjar Emilsson, formaður Stéttarfélags sálfræðinga á Íslandi, segir félagsmenn ekki hafa verið tilbúna í að gera sameiginlegan stofnanasamning með öðrum, sérstaklega ekki innan Landsspítala - háskólasjúkrahúss.

„Við höfum haft ákvæði um sérfræðiviðurkenningu inni í stofnanasamningnum og við sjáum ekki að við fáum það ákvæði með sameiginlegum



BRYNJAR EMILSSON

Formaður stéttarfélags sálfræðinga segir félagið ekki kviða því að semja eitt. Þeir treysti á aðstoð BHM en hafi einnig góða menn innanborðs. Tvö félög af 24 um heildarsamninginn ljúka kosningu í dag.

stofnanasamningi,“ segir Brynjar. Halldóra segir það vonbrigði að Félag sálfræðinga hafi fellt samninginn: „En í raun er ótrúlegt hvað samningurinn hefur fengið góða kosningu og hvað margir hafa verið jákvæðir.“

- gag

440 ungmenni: Tilbúin til mordárása

IRAN Ríflega 440 írönsk ungmenni hafa boðið sig fram til að fremja sjálfsmorðsprengjuárásir gegn Bandaríkjamönnum í Írak og Ísraelum í heimalandi þeirra. Stærstur hluti sjálfboðaliðanna er konur, að því er fram kemur á fréttavefnum SF Gate.

Fyrir ráðningu ungmennanna standa íslömsk öfgasamtök sem eru lítt þekkt utan Írans en tengjast engu að síður háttsettum mönnum í ríkisstjórn landsins. Til dæmis mættu tveir nánir samstarfsmenn Khameinis erkiklerks til samkomunnar þar sem greint var frá ráðningunni. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/ATLI MÁR GYLFASSON

UNGIR PILTAR Á BIFRÖST

Þessir ungu menn voru á opnum degi hjá Viðskiptaháskólanum á Bifröst og spurning hvort þar séu leiðtogar framtíðarinnar á ferð.

Opinn dagur: Fjölmenni á Bifröst

SUMAR Fjölmargir nýttu sér góða veðrið á sumardaginn fyrsta og litu við hjá Viðskiptaháskólanum á Bifröst en skólinn var með opinn dag. Gestum og gangandi var kynnt starfsemi skólans og nemandur skólans sýndu vistarverur sínar og þá aðstoðu sem þeir hafa til náms.

Þetta er árlegur viðburður hjá háskólanum. A. Agnes Gunnarsdóttir, kynningarfulltrúi skólans, sagði í samtali við Fréttablaðið að dagurinn hefði tekist vel. „Í fyrra bókudum við 700 vöfllur en í ár urðum við að baka 1.500 vöfllur svo að aðsóknin var góð.“

- amg

Veður næstu daga: Sumarið er komið

VEÐUR Menn eiga að flýta sér að pakka niður vetrarflíkunum og viðra fellihýsin og hjólhýsin, segir Sigurður Ragnarsson veðurfræðingur, sem telur að sumarið sé komið. Hann telur aðeins þá staðreynd að ekki er enn búíð að opna tjaldstæðin koma í veg fyrir tjaldferðalag um helgina.

Útlit er fyrir gott veður næstu daga, hægán vind og víða bjart veður. Fremur hlýtt verður um allt land og ekki ósennilegt að hitinn nái 12 til 15 gráðum á Norðurlandi inni á fjörðum en kaldara verði á útnesjum. Fyrir sunnan verður hiti um 10 gráður.

- sgi



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA HELGADÓTTIR

PYLSA OG KÓK

Þessi unga þæja gæddi sér á þjóðarréttinum við félagsheimilið Frostaskjól í Vesturbænum.



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA HELGADÓTTIR

Í RAFMAGNSLEST

Þær Sigríður og Elisabetta fóru í rafmagnslestina í húsdýragarðinum ásamt þeim Stefáni Eðvarði og Alexander. Elisabetta, sem er frá Ítalíu en hefur búið hér í fjögur ár, var hæstánægð með veðrið enda hvorki rok né snjór.



FRÉTTABLAÐIÐ/ÁRK

SKÁTAR Í SKRÚÐGÖNGU

Mikið var um að vera hjá skátunum á Akureyri í gær, sumardaginn fyrsta, og gengu þeir fylktu liði frá verslunarmiðstöðinni Sunnuhlíð og að Glerárkirkju en þar var skátamessa. Eftir hádegi kynntu skátarnir sumarstarfsemi sína á Hömrum.

Hátíðarhöld í mildu veðri

Sumardagurinn fyrsti var haldinn hátíðlegur um allt land í gær. Veðrið var milt en sólin lét á sér standa. Það kom þó ekki í veg fyrir að landinn skemmti sér hið besta á hinum ýmsu uppákomum sem í boði voru.

SUMAR Skátar á öllu landinu gengu fylktu liði til kirkju í skátamessu í tilefni sumardagsins fyrsta en dagurinn hefur ætíð skipað sérstakan sess í starfi skátahreyfingarinnar.

Fjölskyldudagskrá var í hverfum Reykjavíkurborgar og var boðið upp á ýmislegt til skemmtunar við frístundaheimilin. Börnin gátu hoppað í hoppiköstulum, farið í andlitsmálningu og borðað kandýfloss og pylsur. Þá var boðið upp á tónlist, leiklist, dans og söng.

Mikill erill var á söfnum borgarinnar enda aðgangur ókeypis í tilefni Ferðalangs á heimaslóð sem haldinn var í annað sinn í gær, en ríflega 100 aðilar ferðabjónustu um allt land opnuðu dyr sínar almenningi.

Veðrið á sumardaginn fyrsta var milt og nokkuð gott á öllu landinu. Nokkuð sólríkt var á Austurlandi en skýjað í öðrum landslutum. Hiti fór víða yfir tíu gráður og var vindur hægur víðast hvar. Foreldrar og börn skemmtu sér vel á hinum ýmsu uppákomum. Flestir voru vel klæddir en samt sem áður ánægðir með veðrið enda sögðu flestir að það hefði jú oft verið verra.

- sgi



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA HELGADÓTTIR

SUMARLEG NESTISFERÐ

Þær Hulda Björk, Þórey og Borghildur eyddu sumardegnum fyrsta með börnum og barnabörnum í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Þær byrjuðu á því að skoða dýrin og fara í leiki og lögðu síðan þennan sumarlega dúk á borð og borðuðu nesti.

Vetur og sumar frjósá saman:

Minnkandi líkur með hverju ári

VEÐUR Líkurnar á því að sumar og vetur frjósá saman fara minnkandi með hverju árinu, segir Sigurður Ragnarsson veðurfræðingur. Hann segir Íslendinga upplifa hvern hlýindakafmann á fætur öðrum. Tvennum sögum fer af því hvort sumar og vetur hafi frosið saman aðfaranótt sumardagsins fyrsta. Þjóðsagan hermir að ef slíkt gerist megi búast við góðu sumri.

Árni Sigurðsson, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, segir að ekki hafi frosið saman á miðnætti en hins vegar hafi frost mælst á nokkrum stöðum síðar um nóttina í Raufarhöfn,



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA HELGADÓTTIR

SÁPUKÚLUR

Sápukúlurnar liðuðust fallega í blíðvöðrunu á sumardaginn fyrsta.

við Miðfjarðarnes við Bakkafloa og á Staðarhóli í Aðaldal. Ef litið sé til þessara staða á norðausturhorninu sé því hægt að segja að vetur og sumar hafi frosið saman.

Sigurður segir þó að samkvæmt þeim gögnum sem hann hafi skoðað sjái hann ekki að sumar og vetur hafi frosið saman að þessu sinni. Hann leggur litla trú á þessa þjóðsögu og segir ekkert benda til annars en að næsta sumar verði milt líkt og síðustu ár en þó megi færa rok fyrir því að tími sé kominn á rigningasumar.

- sgi

Aðalfundur

Aðalfundur Rauða kross Íslands verður haldinn

Rauða kross

í Mosfellsbæ laugardaginn 21. maí nk.

Íslands

Dagskrá samkvæmt 5. grein laga félagsins.

2005

Stjórn Rauða kross Íslands

Rauði kross Íslands

LANCÔME
PARIS

STAR BRONZER

GYLLT OG TÖFRANDI HÚÐ

VORLEGIR DAGAR 22. - 27. APRÍL

Snyrtifræðingur frá LANCÔME kynnir það allra nýjasta:

Með STAR BRONZER línunni getur þú sjálf stjórnað lit og áferð húðarinnar. Hvort heldur sem þú kýst dekkri húð, gylltan lit, tindrandi eða glitrandi áferð – daglega.

Sólarpúður, glitrandi olía, varagloss og margt fleira.

FLASH BRONZER sjálfbrúnandi vörurnar tryggja fallegan og endingargóðan lit.



* meðan birgðir endast

Glæsileg gjöf fylgir þegar keyptar eru LANCÔME vörur fyrir 5.500 kr. eða meira:*

- > Hydra Zen krem 15ml
- > Tonique Douceur andlitsvatn 50ml
- > Galateis Claré hreinsimjólk 50ml
- > Body Sculptesse grennandi gel 15ml
- > Hair Sensation nærandi hármaski 15ml
- > Hypnôse mini maskari svartur
- > Attraction ilmur 7ml

Verðmæti kauppakans er kr. 4.800.-

DEBENHAMS

SMÁRALIND

Deilur um söluna á Straumi halda áfram:

Segir Íslandsbanka brjóta eigin reglur

VIÐSKIPTI Þórður Már Jóhannesson, forstjóri Straums, telur að stjórn Íslandsbanka hafi skaðað trúverðuleika bankans og þar með brotið gegn eigin verklagsreglum með sölu á Sjóvá Almennum til stjórnarmanns.

„Hvernig er hægt að halda því fram að viðskiptin séu ekki tortryggileg eða til þess falin að kasta rýr á trúverðuleika og orðstír bankans þegar fyrir liggur að stjórnin kaus að kanna ekki hvort hægt væri að fá herra verð fyrir eignina?“ spyr Þórður Már. Forsvarsmenn Straums höfðu lýst áhuga á að kaupa Sjóvá en fengu ekki færi til að setja fram formlegt tilboð þegar hafist var handa við að selja Þætti ehf., félagi í eigu Karls Wernerssonar, stjórnarmanns í Íslandsbanka, hlutinn.

Þórður segir að stjórn bankans hafi borið skylda til að láta reyna á hvort unnt væri að fá herra verð fyrir hlutinn. Hann vísar einnig á bug fullyrðingum Einars



ÞÓRÐUR MÁR JÓHANNESSON
Forstjóri Straums er mjög ósáttur við þá ákvörðun stjórnar Íslandsbanka að selja stærstan hlut í Sjóvá til stjórnarmanns án þess að gefa öðrum færi á að bjóða í hlutinn.

Sveinssonar, stjórnarformanns Íslandsbanka, um Straumur yrði ekki heppilegur eigandi vegna skorts á reynslu í einstaklingsviðskiptum. Þórður bendir á að innan Straums sé slík reynsla miklum mun meiri en hjá hinu nýstofnaða eignarhaldsfélagi sem keypti Sjóvá.

- þk

Starf í þágu barna: Styrktu þrjú verkefni

STYRKIR Þrjú verkefni fengu styrk frá Barnavinafélaginu Sumargjöf í gær, en alls bárust 30 umsóknir um styrk.

Anna C. Leplar myndmenntakennari og Margrét Tryggvadóttir bókmenntafræðingur fengu styrk vegna gerðar listaverkabókar fyrir börn. Elfa Lilja Gísladóttir tónlistarkennari fékk styrk fyrir þróunarverkefnið Hringur eftir hring sem felst í námsefnisgerð í tónlist og hreyfingu fyrir elstu börn leikskóla. Þá var Röddum, samtökum um vandaðan upplestur og frásögn, einnig veittur styrkur. Hver styrkur nemur hálfri milljón króna. -bs

FRÉTTABLAÐIÐ/BB

KRÍAN ER KOMIN

Fyrsta kría ársins sást rétt fyrir klukkan 6 í gærmorgun á Höfn í Hornafirði. Það var Þórir Snorrason fuglaáhugamaður sem var svo árrissull en fyrsta kría kemur að jafnaði upp úr 20. apríl til landsins.

Filippseyjar:

Frelsaðar úr klóm ræningja

MANILA, AP Filippeskir hermenn frelsuðu í gær 13 konur úr klóm mannræningja eftir mikinn eltingarleik. Tveir ræningjanna lágu í valnum eftir að til átaka kom og einn hermaður. Íslamskir skæruliðar aðstoðuðu hermennina í leitinni.

Glæpamennirnir höfðu deginum áður gómað 22 kvenkyns háskólanema en fljótlega létu þeir níu þeirra lausar þar sem þær voru múslimar. Fóru þeir með hina gíslanna djúpt inn í frumskóginn. Ekki er vitað hverjir voru að verki en talið er að mannræningjarnir tilheyri klofningshópi íslamskra öfgamanna. ■

NOREGUR

KONA ÁKÆRÐ FYRIR NAUÐGUN 23 ára gömul kona hefur verið ákærð fyrir að hafa nauðgað manni á meðan hann svaf. Lífsýni úr konunni fundust á nærfatnaði og kynfærum mannsins. Hún segir að samfarir þeirra hafi verið með beggja vilja. Konan hefur áður verið dæmd fyrir kynferðisbrot, þá gegn unglingsstúlku.

KÓNGURINN ÚTSKRIFAÐUR Haraldur Noregskonungur hefur verið útskrifaður af sjúkrahúsi en hann gekkst undir hjartaaðgerðir fyrr í mánuðinum. Þótt bati hans hafi verið með ágætum mun hann samt gista á sjúkrahúsinu næstu vikur til vonar og vara.

Fjöldinn samsvarar meðalstóru bæjarfélagi

Mörg hundruð Íslendingar búa lungann úr árinu á Spáni og hefur þeim fjölgad verulega á síðustu árum. 80-100 fermetra hús fást fyrir 10-12 milljónir.

SUMARHÚSABYGGÐ Íslendingum sem kaupa sér sumarhús á Spáni hefur fjölgað stórlega á undanförunum árum. Talið er að nokkur hundruð Íslendingar eigi fasteignir á svæðinu kringum borgina Alicante á Costa Blanca. Fjöldi Íslendinga á svæðinu þegar flest er á vorin og haustin samsvarar meðalstóru bæjarfélagi á landsbyggðinni, sex til áttahundruð manns.

Stór hluti þessa fólks er í Félagi sumarhúsaeygenda á Spáni en það var stofnað 1989. Guðmundur Heiðarsson er formaður félagsins og hann segir íslenskum húseigendum á Spáni hafa fjölgað verulega á síðustu árum.

„Það varð mikil aukning fyrir sex árum og svo aftur fyrir tveimur til þremur árum,“ segir hann. Mikið af þessu fólki er komið á eftirlaun að sögn Guðmundar og býr margt af því lungann úr árinu þarna suðurfrá enda fær fólk mun meira fyrir eftirlaunin sín á Spáni en á Íslandi.

„Ætli það séu ekki 150-170 manns sem hafa vetursetu þarna“, segir hann. Margt af því



SUMARHÚS Á SPÁNI

Æ fleiri Íslendingar kjósa að eyða ævkvöldinu suður á Spáni. Fjöldi húseigenda þar hefur vaxið gríðarlega á undanförunum árum.

fólki dvelst síðan hér heima yfir sumartímann og leigir eða lánar þessar eignir sínar á Spáni.

Gríðarleg uppbygging hefur átt sér stað á þessu svæði sunnan við Alicante þar sem flestir Íslendingarnir hafa keypt sér hús og er Íslendingabyggðin hvað þéttust í og við bæinn Torre Vieja. Guðmundur segir fólk kaupa alls kyns eignir, bæði íbúðir og einbýlishús.

„Ég gæti trúað að verð fyrir 80-100 fermetra hús á þessu svæði sé í kringum 10-12 milljón-

ir króna.“ Margir fjármagna húsakaup á Spáni með því að selja eignir hér heima eða minnka við sig og nota mismuninn til húsa-kaupa í sólinni. Aðrir fá lán í bönkum á Spáni en þar sem þeir lána ekki eftirlaunafólki segist Guðmundur vita til þess að fólk skrái eignir sínar þarna á börn sín til að fá lán.

„Börnin erfa þetta hvort eð er þegar upp er staðið,“ segir Guðmundur Heiðarsson, formaður Félags sumarhúsaeygenda á Spáni. ssal@frettabladid.is

Gutierrez hyggst flýja land:

Fær pólitískt hæli í Brasilíu

QUITO, AP Brasilísk stjórnvöld hafa skotið skjólshúsi yfir Lucio Gutierrez, fyrrum forseta Ekvador, sem ekvadorska þingið svipti völdum á miðvikudag. Gutierrez, sem um hríð hefur verið sakaður um valdnóslu, dvelur nú í brasilíska sendiráðinu í Quito en verður fluttur til Brasilíu innan skamms.

Alfredo Palacio varaforseti hefur tekið við stjórnartakumunum. Hann hefur þegar lofað að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu og stjórnlagabings til að endurskoða stjórnskipan landsins. Gutierrez er þriðji forseti Ekvador sem hefur verið settur af á síðustu átta árum. Margir Ekvadorar eru æfir yfir að hann fái að yfirgefa landið en verði ekki látinn svara til saka. Hundruð manna flyktust að brasilíska sendiráðinu og kröfðust þess að hann yrði framseldur. Mót mælasamkoman leystist frið-



KRAFIST AFSAGNAR

Múgur flyktist að þinghúsi Ekvador og krafðist þess að Gutierrez segði af sér. Þingið svipti hann völdum síðar um daginn.

samlega upp þegar lögreglan kom á vettvang.

Gutierrez varð forseti árið 2003 og gaf sig út fyrir að gæta hagsmuna hinna fátæku. Hann reitti hins vegar marga landa sinna til reiði með niðurskurði í efnahagsmálum. Kornid sem fyllti mælinn var þegar hann sniðgekk hæstarétt landsins fyrir skemmstu. ■

Akureyri:

Skotið á strætisvagnaskýli

SKEMMDARVERK Aðfaranótt síðastliðins þriðjudags voru unnar miklar skemmdir á strætisvagnaskýli um Akureyri þegar brotnar voru dýrar öryggisrúður í fimm skýlum.

Lögreglan telur að sumar rúðurnar hafi verið brotnar með grjóti en skotið hafi verið á aðrar með kröftugri byssu. Málið er í rannsókn en tjónið er metið á um 300 þúsund krónur. -kk



Á AKUREYRI í skýlunum eru dýr öryggisgler.

Hass og amfetamín:

Fíkniefni á Suðurnesjum

LÖGREGLUMÁL Tvö fíkniefnamál komu upp í umdæmi lögreglunnar í Keflavík í fyrrinótt.

Þrjú menn yfir tveitugu voru teknir með minniháttar magn af hassi við Njarðvík. Þeir voru í bíl sem lögreglan stöðvaði.

Lögreglan stöðvaði einnig för tveggja manna á þritugsaldri á Grindavíkurvegi. Í ljós kom að þeir voru með nokkur grömm af amfetamíni.

Lögreglan telur fíkniefnin hafa verið til einkaneyslu og hefur sleppt mönnum. Þeir eiga von á sektum. -gag

DÓMSMÁL

TÆPAR 27 ÞÚSUND KRÓNUR Á BROT

Héraðsdómur Austurlands dæmdi mann til greiðslu 80 þúsund króna sektar vegna þriggja brota. Var þar um að ræða fíkniefnalagabrot, áfengislagabrot og líkamsárás og skal hann gista fangageymslur í fjórtán daga greiði hann ekki sektina.

SEKT OG SVIPTING Annar maður sem áður hefur komið við sögu lögreglu vegna áfengislagabrota hlaut dóm fyrir Héraðsdómi Austurlands vegna ölvunaraksturs í Neskaupstað. Var hann sviptur ökuleyfi í eitt ár og dæmdur til greiðslu hundrað þúsund króna sektar.

SVIPTUR ÖKULEYFI ÆVILANGT Annar Austfirðingur var sviptur ökuleyfi ævilangt vegna ölvunaraksturs en maðurinn sem er ungur að árum hefur ítrekað brotið áfengislagabrot bændi héraðs og erlendis.

FANGELSI FYRIR LÍKAMSÁRÁS

Maður var dæmdur til 45 daga fangelsisvistar fyrir Héraðsdómi Austurlands fyrir líkamsárás. Var refsingin skilorðsbundin til tveggja ára þrátt fyrir alvarleg meisl þess sem fyrir árásinu varð. Nefbrotnaði sá og missti framtonn en árásin þótti tilefnislaus með öllu.

DRENGURINN SEM VAR SKOTINN AF HANDRUKKURUM Á AKUREYRI KOMINN Í MEÐFERÐ:

„VIÐ STÚTUM HONUM BARA ÞEGAR HANN KEMUR ÚT“

– Byssumennirnir á Akureyri ganga lausir
– Hlógu að drengnum blóðugum í snjónum
– DV hitti ofbeldismennina á vettvangi

DV – hefur þú séð DV í dag?



STERLING
GÆÐAGRILL
1104

14.900 kr.

STERLING
GÆÐAGRILL
1714

19.900 kr.

STERLING GÆÐAGRILL!

SPARAÐU

V.S.O.P
KONÍAKSMARINERAD
LAMBAFILE

15%

KYNNINGARAFSLÁTTUR

V.S.O.P
KONÍAKSMARINERAD
LAMBA INNRA LÆRI

15%

KYNNINGARAFSLÁTTUR

Del Monte
Quality

30%
afsláttur á Del Monte
við kassa



NÓATÚN

OPIÐ
TIL
KL. 21
ALLA
DAGA

HVÆÐ ER AÐ FRÉTTA? INGA MARÍA BRYNJARSDÓTTIR, GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR

Móðir í annað sinn

Inga María Brynjarsdóttir, grafískur hönnuður, er að verða móðir í annað sinn eftir fjórar vikur og hlakkar mikið til. Fyrir á hún eina fimm ára stelpu, auk þess sem nýlega bættist hundur í fjölskylduna. „Það er endalaust verið að stækka,“ segir Inga Maja og hlær. Inga Maja vinnur heima. Hún er núna að vinna við leirmyndagerð og gera hreyfimyndir fyrir litlar auglýsingar og eitt leikrit. Hreyfimyndirnar segir hún að séu notaðar bæði vegna þess að erfitt sé að framkvæma hugmyndirnar í raunveruleikanum auk þess sem þær veiti skemmtilega sýn á hlutina. „Ég var líka að klára námskeið fyrir krakka í myndasögugerð, sem er frábært og gefandi,“ segir Inga Maja. Ípróttu og tólmstundaráð stendur fyrir



námskeiðinu og kennir María rúmlega fjörutíu börnum á aldrinum 9 til 12 ára sem hafa áhuga á myndasögum. Hún kennir þeim hvernig myndasögugerðin fer fram frá grunni en segist reyndar leyfa þeim að vera svolítið frjálsum. Hún segir að margt af því sem krakkarnir séu að gera alveg frábært og hefur fulla trú á því að sumir þeirra verði listamenn síðar á ævinni. Inga María er líka mjög ánægð með velgengni mannsins síns, Þórs Hallgrímssonar, sem spilar í hljómsveitinni „Reykjavík!“ en hún tróð meðal annars upp á hátíðinni Aldrei fór ég suður á Ísafirði um páskana. Inga Maja ætlar að taka því rólega í sumar og halda áfram að vinna að ýmsum verkefnum.

SVONA ERUM VIÐ



5.775 ERU Í KAPÓLSKU KIRKJUNNI Á ÍSLANDI

HEIMILD: HAGSTOFAN

24
stundir



BYR Í SEGLIN Friðrik, krónprins Dana, og María krónprinsessa blása bréfbátum byr í seglin á Expo 2005 sýningunni sem fram fer í Japan um þessar mundir.

Jesús, Kuthumi og Búdda knúðu dyra

Wesak hátíðin er haldin um helgina en hún er sögð helgasta hátíð ljóssins. „Hápunktur á hinni niðurstígandi andlegu orku fyrir plánetuna,“ segir skipuleggjandinn.

„Einu sinni á ári, á ákveðnu augnabliki, mætist guðdómurinn gegnum Búdda, Krist og mannkynið. Þess vegna er þetta talin helgasta hátíð og helgustu dagar og helgasta stund ársins,“ segir Karl Þorsteinsson, leiðbeinandi í Andlega skólanum og skipuleggj-

andi hátíðarinnar. Dregur hún nafn sitt af Wesak dalnum í Himalaya en þar hefur hátíðin verið haldin í langan tíma.

„Mannkynið fær talsvert út úr þessu þótt það sé ekki meðvitað um það. Við sem tökum þátt erum hins vegar afar meðvitað um það og fáum mjög mikið út úr þessu,“ segir Karl.

Hátíðin hefst í kvöld og stendur fram á sunnudag og er haldin í Síðumúla 15.

Um Karl og Andlega skólann má annars lesa á heimasíðu skólans vitund.is/andlegiskolinn. Þar segir meðal annars að í september árið 1999 þegar Karl fór einu sinni inn á við og kallaði á meistara

sinn og leiðbeinendur til þess að skoða þá leið sem hann ætti að fara varðandi þróun sína, þá var bankað á dyrnar í hjartastöðinni en þar var umræddur fundur haldinn og þegar hann opnaði dyrnar þá birtust honum óvænt Jesús, Kuthumi og Buddha Lávarður (núverandi Lógos Jarðar). Hann bauð þeim inn og Kuthumi hafði orð fyrir þeim en Meistari Jesú og Buddha Lávarður voru þögulir með. Buddha svífandi í lótsustellingu.

Kuthumi vildi að Karl færi allar þær leiðir sem hann hefði iðkað og ræktaði öll þau fræði sem hann hefði kynnt sér og kenndi þau öðrum, því fólk væri svo margbreyti-



KARL ÞORSTEINSSON „Mannkynið fær talsvert út úr þessu þótt það sé ekki meðvitað um það. Við sem tökum þátt erum hins vegar afar meðvitað um það og fáum mjög mikið út úr þessu.“

legt að leiðirnar þyrftu að vera margar þannig að allir gætu fundið leið við sitt hæfi. Þetta varð til þess að Karl stofnaði Andlega Skólann.

bjorn@frettabladid.is

Gleðilegt Mazda-sumar



Mazda3 T5 dyra 1,6 l kostar aðeins
Bukahlutir á mynd: álfelgur

1.720.000 kr.

Himinn og haf / SIA

RÆSIR HF

Skúlagötu 59, sími 540 5400 www.raesir.is

Vegna árs hátíðar starfsfólks Ræsis hf. verður þjónusta í lágmarki föstudaginn 22. apríl.


Lokað verður laugardaginn 23. apríl.

Viðskiptavinir eru beðnir velvirðingar á óþægindum sem af þessu kunna að hljóta.

Mazda er japanskur bíll, framleiddur í Japan sem vermir nú toppsætið samkvæmt stærstu gæðakönnun Evrópu og skarar fram úr hvað varðar endingu og lága bilanatíðni.

Komdu, reynsluaktu og gerðu verðsamanburð. Gæðin eru augljós.

Söluumboð:
Bilás sf., Akranesi - BSA, Akureyri - Betri bílasalan, Selfossi - SG Bílar, Reykjanæsbæ



Ævintýraheimur á eigin vegum

www.icelandair.is/thyskaland

Frankfurt – München – Berlín

Icelandair býður flug og bíl til þriggja áfangastaða í Þýskalandi í sumar. Nú er tækifærið til að láta drauminn rætast og eiga ógleymanlega sumarleyfisdaga á eigin vegum um fegurstu slóðir Evrópu.

Flug og bíll

Verð frá **29.478 kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í bíl í A-flokki í eina viku. Berlín 6.-13. júní. (Verð frá 38.990 kr. m.v. 2 fullorðna).

Þetta flug gefur 3600 Vildarpunkta.



Icelandair tekur við MasterCard ferðaávisun í allt flug, þ.m.t. netflug

Gaman að skoða

- „Rómantíska leiðin“ frá Würzburg suður til Alpafjalla og til Füssen, um fagrar sveitir og stórbrotin fjallahéruð, kastalaslóðir, hlýleg þorp og sögufræga bæi.
- Stórbrotin náttúrufegurð í Bayern og Alpadölum suður af München.
- Rínardalur, frá Koblenz suður til Bingen.
- Neckardalur með Heilbronn, Eberbach og Heidelberg.
- Bodenvatn og Svartiskógur, Freiburg, Karlsruhe og Darmstadt.
- Köln, Strassborg, Trier, Stuttgart, Nürnberg.
- Dresden, Leipzig og Harzfjöll.

Hafið samband við söluskrifstofur Icelandair eða við Fjarsölu Icelandair í síma 50 50 100 (svarað mánud. - föstud. kl. 9-17, laugard. kl. 9-17 og á sunnudögum kl. 10-16).

ICELANDAIR
www.icelandair.is



Draumma



190,-

SOMMAR
blómapottur
Ø14 H13 sm




1.790,-

SKINA órói
drekaflugur



11.800,-

ORUST stóll



150,-

SOMMAR
nestispokar
24x23 sm 10 stk.



690,-

SOMMAR dósir 3 stk.



95,-

SOMMAR
sogrör 200 stk.



95,-

SOMMAR servíettur
24x24 sm 50 stk.



95,-

SOMMAR
skraut 10 sm



190,-

RAKÖ sessa
34x34 sm



4.900,-

IKEA PS BESTÖ
grill



2.990,-

DYNING hengirúm 110x225 sm



3.990,-

SKÁRÖ
borð og stóll

2.490,-



590,-

SOMMAR ferðakollur



14.900,-


ORUST bekkur

asumar



4.990,-

TÄRNÖ borð og tveir stólar




95,-
SOMMAR flugnaspaði



2.990,-
BOLLÖ
borð 60x60 sm




790,-
BRAMÖN sessa
44x44 sm



290,-
SOMMAR karfa
Ø33 sm




195,-
SOMMAR íspinnamót 6 stk.



2.490,-

BRAMÖN
sessa í sólstól
190x48 sm




390,-
BRYNET
skurðarbretti m/hníf
20x16 sm



4.900,-
ÄPPLARÖ stóll



95,-
SOMMAR
spritkertastjaki



1.490,-

FAGELÖ blómapottaskraut
H113 sm



4.900,-

TISTELÖ
bali Ø47 H60



1.690,-

PLAST salatskál, bollar og diskar
samtals 13 stk.



690,-
SOMMAR
lukt 19x16 sm



290,-

IKEA Restaurant



FBL-GREINING: HÉÐINSFJARÐARGÖNG

Kalla á aðrar framkvæmdir

Héðinsfjarðargöng eru aftur komin inn í umræðuna eftir að samgönguráðherra tilkynnti að göngin væru aftur komin á dagskrá.

Göngin voru upphaflega sett á vegáætlun árið 2000 og stóð til að framkvæmdir hæfust eigi síðar en haustið 2003.

Í júlí það ár komst málið hins vegar í uppnám þegar ríkisstjórnin tilkynnti að gangagerðinni hefði verið slegið á frest vegna hættu á þenslu í efnahagslífinu. En nú eru þau aftur komin á dagskrá, stefnt er að útboði í haust og gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist sumarið 2006 og ljúki undir lok árs 2009.

Um er að ræða tvönn jarðgöng, önnur frá Ólafsfirði yfir í Héðinsfjörð upp á tæpa sjö kílómetra og hin göngin frá Héðinsfirði yfir í Siglufjörð upp á rúm-

lega þrjú og hálfan kílómetra. Samtals yrðu þessi göng því um tíu og hálfur kílómetri.

Kostnaður við göngin er áætlaður tæpir sjö milljarðar króna. Vegagerðin reiknar með að um 350 bílar muni aka um göngin á sólarhring.

Fastlega má gera ráð fyrir að Héðinsfjarðargöng muni kalla á aðrar umfangsmiklar framkvæmdir í vegamálum á Tröllaskaga. Til að komast í Héðinsfjarðargöng þarf að aka gegnum önnur göng hvorum megin sem komið er að. Múlagöng tengja Ólafsfjörð við Eyjafjörð en þau voru tekin í notkun 1991. Þau eru tæplega þrjú og hálfur kílómetri á lengd en sá galli er á gjöf Njarðar að þau eru einbreið og bera því mun minni umferðarþunga en Héðinsfjarðar-



göng. Sama er að segja um Strákagöng, sem tengja Siglufjörð við utanverðan Skagafjörð. Þau eru aðeins 800 metra löng og sannarlega barn síns tíma en þau voru tekin í notkun 1967. Ljóst má vera að gerð Héðinsfjarðar-

ganga mun kalla á breikkun Múla- og Strákaganga og hafa menn reiknað þann kostnað upp á að minnsta kosti þrjú milljarða. Heildarkostnaður við Héðinsfjarðargöng yrði því 10 milljarðar þegar upp væri staðið.



SPURT & SVARÐ

FORMANNSKJÖR
SAMFYLKINGARINNAR

Eðlilega að öllu staðið

Tekist hefur að smala fleiri þúsundum manna í Samfylkinguna að undanförmu. Flosi Eiríksson er formaður kjörstjórnar.

Er smölun fólks á þennan hátt eðlilegur hluti af kosningaferlinu?

Tvímælalaust. Þarna er um að ræða fólk sem vill hafa áhrif og láta til sín taka og grípur tækifærið þegar kosning um leiðtoga flokksins stendur yfir enda þá kjörinn tími til að hafa áhrif með aðgerandi hætti.

Getur það ekki gefið ranga mynd af vilja þeirra þúsunda sem hafa verið í flokknum í áráraðir en hlaupa ekki til rétt fyrir hverjar kosningar?

Það tel ég ekki. Þarna er um fólk að ræða sem er stuðningsmenn flokksins þrátt fyrir að það hafi ekki verið formlega skráð í flokkinn áður og vill hafa áhrif á sína framtíð.

Flokkarnir fá minnst 300 milljónir árlega

Fyrirtæki og einstaklingar nýta sér í auknum mæli skattfrádrátt með framlögum til líknaðarstarfsemi, menningarmála og stjórnmalaflokka. Framlög ríkisins til stjórnmalaflokka hafa aukist um 40 prósent á fimm árum.

Lög um tekju- og eignaskatt heimila fyrirtækjum og einstaklingum að draga frá skattstofni framlög til menningarmála, líknaðarstarfsemi, stjórnmalaflokka, vísindastarfsemi og kirkjufélaga. Í skýrslu forsætisráðherra um fjárframlög til stjórnmalastarfsemi er greinargerð sem bendir til þess að fyrirtæki og einstaklingar nýti sér frádrátt af þessum toga í auknum mæli. Frádráttarbær framlög og gjafir námu að jafnaði um 230 þúsund krónum á hvert fyrirtæki eða einstakling árið 1998. Árið 2004 voru framlög og gjafir af þessum toga svipuð, um 236 þúsund krónum að jafnaði á hvert fyrirtæki og einstakling. Heildarupphæðin hafði þó hækkað á tímabilinu úr 253 milljónum króna á verðlagi dagsins í dag í liðlega 680 milljónir króna. Ekki kemur fram í skýrslunni hversu mikið af þessari upphæð rann til stjórnmalaflokkanna.

FRÉTTASKÝRING
FJÁRMÁL STJÓRN MÁLA-
FLOKKAJÓHANN HAUKSSON
BLAÐAMAÐUR

295 milljónir frá ríkinu

Í skýrslunni kemur jafnframt fram að opinber framlög til stjórnmalaflokka hafa á fimm árum aukist um 40 milljónir króna á núverandi. Framlög til þeirra námu á verðlagi dagsins í dag um 160 milljónum króna árið 2000 en voru orðin um 200 milljónir króna í fyrra.

Þingflokkar fá auk þess framlög til sérfræðilegrar aðstoðar og hefur svo verið frá því árið 1971. Allir flokkar fá ákveðna lágmarksupphæð en auk þess koma til greiðslur fyrir



UMRÆÐUR Á ALÞINGI Vegna þess að framlög til stjórnmalaflokka heyrja undir sama lið hjá skattinum og framlög til menningar- og góðgerðamála, svo eitthvað sé nefnt, er ekki hægt að slá því föstu hversu há framlög fyrirtækja til flokkanna eru. Hafi einungis 10 prósent af um 680 milljónum króna framlögum og gjöfum fyrirtækja og einstaklinga í fyrra runnið til stjórnmalaflokka þýddi það nær 70 milljónum króna framlög.

hvern þingmann. Þessi upphæð nam á síðasta ári samtals um 55 milljónum króna.

Árið 2001 komu til sögunnar fjárframlög til stjórnmalaflokka til að mæta auknum kostnaði vegna stækkunar landsbyggðarkjördæmanna. Þessi upphæð nam samtals 40 milljónum króna í fyrra.

Á verðlagi dagsins hafa því opinber framlög til stjórnmalaflokka hækkað um nærri 40 prósent frá árinu 2000. Þau nema samtals 295 milljónum króna á þessu ári. Ekki er vitað hversu há framlög fyrirtækja og einstaklinga eru til stjórnmalaflokka. En þótt einungis 10 prósent af um 680 milljónum króna framlögum og gjöfum fyrirtækja og einstaklinga í fyrra hefðu runnið til stjórnmalaflokka mætti bæta nærri 70 milljónum króna við þá upphæð.

Greco-nefndin telur reglur skorta

Vaxandi umræða hefur verið um fjárreiður stjórnmalaflokka á síðustu misserum og hugsanlega lagasetningu um fjármál þeirra. Þau sjónarmið hafa komið fram að mikilvægt sé að fjárstuðningur fyrirtækja við stjórnmalaflokka sé gagnsær og rétt sé einnig að hafa eftirlit með því hvernig þeir verji opinberum framlögum. Í skýrslu forsætisráðherra er vísað til tilmæla sem ráðherra-nefnd Evrópuráðsins samþykkti að beina til aðildarríkja um sameiginlegar reglur gegn spillingu í tengslum við fjármögnun stjórnmalaflokka og kosningabaráttu.

Í tilmælunum er lögð áhersla á að ríkið veiti stjórnmalaflokkunum stuðning og sjái til þess að fjárstyrkur af hendi hins opinbera eða einkaaðila trufla ekki sjálfstæði flokkanna. Aðildarríkjunum er ætlað að grípa til aðgerða sem komi í veg fyrir hagsmunaaðrekstra, tryggja gagnsæi fjárframlaga og komi í veg fyrir leynileg framlög til stjórnmalaflokka. Þessi tilmæli eru ekki bindandi fyrir Ísland samkvæmt þjóðarrétti. Í skýrslu forsætisráðherra er minnt á að Greco-nefndin svokallaða, sem kannar og metur spillingu á vegum Evrópuráðsins, hafi farið yfir stöðuna á Íslandi. Nefndin lýsti sérstökum áhyggjum af skorti á reglum um fjármögnun íslenskra stjórnmalaflokka síðast þegar hún mat stöðuna héraðs.

Nýjar tillögur fyrir áramót

Eins og fram hefur komið hyggst Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra skipa þverpólitíska nefnd sem ætlað er að endurskoða ýmis atriði sem snerta fjármál stjórnmalaflokka. Hann telur eðlilegt að nefndin fjalli um fjármálaumgjörð stjórnmalanna í heild. Nefndin gæti einnig fjallað um hvort gera skuli kröfu til ráðherra og þingmanna um að þeir upplýsi um fjármálaleg eða stjórnanarleg tengsl sín við fyrirtæki. Halldór hefur skrifað formönnum stjórnmalaflokka og óskað eftir tilnefningu þeirra í nefndina og er henni ætlað að skila tillögum fyrir lok þessa árs.

johannh@frettabladid.is

Center for Analysis and Design of Intelligent Agents
Reykjavík University

http://ailab.ru.is

Gervigreindarsetur HR

Stofnsetning í dag, 22. apríl 2005 í HR, Ofanleiti 2 kl. 16:00



Dagskrá:

16:00 Kynning

dr. Bjarki Brynjarsson
forseti Tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík
dr. Yngvi Björnsson og dr. Kristinn R. Þórisson
forstöðumenn CADIA / Gervigreindarseturs HR

16:15 Representing and Parameterizing Embodied Agent Behaviors

dr. Norman I. Badler
Prófessor, Computer & Information Science Department
Associate Dean, School of Engineering & Applied Science
University of Pennsylvania

17:15-18:00 Léttar veitingar

Allir velkomnir!

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Afnemum VSK af öllum fatnaði

**TAX
FREE
DAGAR**

Álagður virðisaukaskattur á fatnað á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.

Um helgina færðu allan dömu-, herra- og barnafatnað, undirföt, sokka, og sokkabuxur án VSK.


Dagana 22.-24. apríl afnemum við VSK af öllum fatnaði í verslunum Hagkaupa.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

„Ég ákvað loksins að ganga í málið
og skrá mig í reglubundinn sparnað.
Það tók heilar 5 mínútur.“



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Það er einfaldara en margur heldur að skrá sig
í reglubundinn sparnað. Kynntu þér fjölbreyttar
sparnaðarleiðir í næsta útibúi, á landsbanki.is eða
í síma 410 4000.

Það eina sem getur komið í veg fyrir að þú eyðir
í sparnað... ert þú.

Eydu í sparnað.



Nær 20 þúsund manns, félagar í Samfylkingunni, hafa kosningarétt í formannskjöri flokksins þar sem gert verður upp á milli Össurar Skarphéðinssonar formanns og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur varaformanns. Fréttablaðið leitaði til beggja frambjóðendanna og fékk þá til að lýsa stefnu sinni í níu mála-flokkum.



Frambjóðendurnir um málefnið

Ingibjörg Sólrún

Um tekjumuninn

Ísland er auðugt land og þess vegna er það óafsakanlegt að þar búi um 20 þúsund manns við svo kröpp kjör að þau geti ekki notið þeirra lífsgæða sem flestir telja eðlilegan hluta af daglegu lífi okkar. Það er sárt til þess að vita að 6% barna á Íslandi búi á heimilum sem þurfa á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga að halda. Það á að vera forgangsmál að útrýma fátækt á Íslandi. Jafnaðarstefna er ekki á móti auðlegð heldur fátækt.

Um skólakerfið

Við Íslendingar verðum að gera átak í menntamálum ef við ætlum að vera samkeppnishæf við aðrar þjóðir í þekkingarhagkerfi nútímans. Taka þarf á brottfalli úr framhaldsskóla með því að fjölga stuttum námsleiðum í starfsnámi, auka aðgang að framhaldsnámi í heimabyggð, styðja vel við endurmenntun fólks á vinnumarkaði, einkum þeirra sem engar framhaldsmenntunar hafa notið, og fjölga fólki með háskólamenntun. Mikilvægt er að gefa öllum skólum svigrúm til að þróast á sjálfstæðum forsendum og draga úr miðstýringu skólakerfisins.

Um landsbyggðarmál

Landsbyggðin er fjölbreytt og það er ekki hægt að setja hana alla undir einn hatt. Hitt er staðreynd að á undanföllum áratug hefur mörgum byggðarlögum verið að blæða út, meðal annars vegna breytinga í atvinnuháttum án þess að gripid væri til mótvegisáðgerða. Slíkar aðgerðir verða að taka mið af aðstæðum á hverjum stað en almennt má segja að það þurfi að styrkja byggðakjarna á landsbyggðinni, tryggja góðar samgöngur innan svæða og við höfuðborgina, draga úr miðstýrdum aðgerðum og styðja við frumkvæði heima-manna í atvinnumálum, m.a. í gegnum atvinnuþróunarfélög.

Um fiskveiðistjórnunarkerfið

Því miður var sameign þjóðarinnar, fisknum í sjónum, úthlutað til fárra aðila. Þessi mesta einkavæðing Íslands-sögunnar fór fram án þess að eðlilegt endurgjald kæmi fyrir auðlindina. Því verður ekki breytt úr þessu en það er mikilvægt að ná sátt um hvernig núverandi kvótakerfi verði þróað með þeim hætti að greitt verði fyrir nýtingu auð-

lindarinnar, tryggð nýliðun í greininni og virtur hefðarréttur byggðarlaga ekki síður en eignarréttur fyrirtækja.

Um áframhaldandi uppbyggingu stóriðju

Ef stóriðjan er þess eðlis að hún gengur ekki á auðlindir og náttúrugæði landsins og tekur mið af stærð hagkerfisins þá getur hún átt rétt á sér. Eg er hins vegar þeirrar skoðunar að við eigum að auka áhersluna á fjölbreytta nýtingu mannaútsins. Það er of mikil áhersla á hráefnisframleiðslu en of litil á þekkingarframleiðslu.

Ég tel að stórvirkjanastefna í ætt við Kárahnjúka sé liðin tíð og við eigum að leggja áherslu á minni jarðvarmavirkjanir eins og Orkuveita Reykjavíkur hefur haft forgöngu um.

Um þróun viðskiptalífsins

Ég hef blendnar tilfinningar gagnvart því. Annars vegar er samþjöppun mikil en það hefur hún líka alltaf verið, kannski vegna smáðar hagkerfisins. Það kallar á virkara eftirlit en nú er með þeim hættum sem því eru samfara. Hins vegar hefur íslenskt viðskiptalíf aldrei verið öflugra eins og útrás stórvirkjanna, og reyndar einnig smærri fyrirtækja, ber með sér. Við verðum fyrst og fremst að stuðla að öflugu samkeppnisumhverfi, að markaðsaðgangur sé greiður og tryggja að smáyrirtækin fái þrífist.

Um Evrópusambandið

Samfylkingin hefur samþykkt að það eigi að láta reyna á aðildarumsókn á grundvelli vel skilgreindra samningsmarkmiða. Í þeim samningsmarkmiðum er ekki nóg að leggja áherslu á sérstöðu íslensks sjávarútvegs heldur verður einnig að fást viðurkenning á því að vegna smáðar íslensks samfélags og landfræðilegrar legu, er það forsenda byggðar og þróunar mannlífs í landinu að Ísland verði til langframa hátekjuland með háu þjónustustigi og öflugu velferðarkerfi.

Um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu

Ég tel að Ísland eigi samleið með þeim þjóðum sem eru í Atlantshafsbandalaginu og eigi að beita áhrifum sínum innan bandalagsins. Við eigum að vera málsvarar mannrýggis og leggja metnað okkar í að þróa friðsamlegar leiðir til að leysa deilur milli ríkja og þjóða.

Um varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna

Við eigum að semja um stöðu Íslands í varnar- og öryggiskerfi Atlantshafsbandalagsins og Evrópu án uppsagnar varnarsamningsins við Bandaríkin. Framkvæmd varnarsamningsins, þ.e. hversu mikill viðbúnaður er í landinu hverju sinni, hlýtur ævinlega að taka mið af því hvort einhver vá sé fyrir drym. Hún er ekki sýnileg í dag og færa má rök fyrir því að Norður-Atlantshafið sé nú öruggasta svæði heimsins.

Össur Skarphéðinsson

Um tekjumuninn

Sívauxandi tekju- og eignamunurinn kallar á viðbrögð, meðal annars í skattalöggjöf með jöfnun milli þeirra sem lifa á launa- og eignatekjum. Vandinn er þó ekki að sumir verði ríkir heldur að það gerist ekki á kostnað annarra, og einkum þarf að þvo af samfélagi okkar þann blett sem fátæktin er. Það er ekki ófyrstíganlegur vandi heldur er þar um tiltekna samfélagshópa að ræða. Til þess er viljinn það mikilvægasta sem þarf.

Um skólakerfið

Helsta verkefnið felst í að stórauka framboð á menntun í landinu á næstu 4-8 árum og ná grannlöndunum að menntunarskipti – ekki síst með því að þeim fjölgi sem ná prófi úr framhaldsskóla og háskóla í hverjum árgangi og að starfs- og verknám eflist. Þá blasir við gjaldfrjáls leikskóli.

Um landsbyggðina

Það eru sameiginlegir hagsmunir að hafa öflug byggðasvæði í öllum landshlutum. Til þess þarf m.a. stór og sterk sveitarfélög. Menn mega ekki vera smátækir þegar færi gefst á vaxtarverkefnum sem geta valdið straumhvörfum í einstökum landshlutum, en á móti þarf landsbyggðin að losna við stefnu smáskammtalækninga og kjördæmapots. Munum að sterk höfuðborg er bakhjarl allrar byggðar á landinu.

Um fiskveiðistjórnunarkerfið

Næsta ríkisstjórn verður að beita sér fyrir raunverulegri sátt um veiðifyrirkomulagið. Þar þarf traustur rekstrar-grundvöllur til framtíðar að falla að réttlætiskennd almenning og þar þarf pláss fyrir nýliðun og frumkvæði atorkumanna. Helst á engin hætta að fylgja því að útlendingar leggi áhættufé í greinina. Við lögðum fyrir síðustu kosningar til veiðileyfagjald í núverandi aflamarkskerfi, með þeim hætti að kvótæign fyrnist smám saman á löngu árabili. Eg hef enn ekki séð tillögur sem falla betur að ofangreindum forsendum en er reiðubúinn til samræðu við útgerðarmenn, sjómenn, fræðimenn og aðra flokka um slíkar hugmyndir.

Um áframhaldandi uppbyggingu stóriðju

Frekari stórvirkjanir á vatnsaflssviði krefjast mikilla umhverfisfórna á sama tíma og skilningur eflist á verðmæti ósnortinnar náttúru. Tilraunir á sviði jarðvarma gefa á hinn bóginn vonir um árangur í orkuöflun án verulegra umhverfisspjalla. Eg tel að tækifæri morgundagsins liggja á öðrum sviðum en í aukinni áldju. Við eigum nú að leggja síaukna áherslu á menntir, hátækni og sjálfbæra nýtingu náttúrugæða í sjó og á landi. Auka hlut smáyrirtækjanna og sprotanna í atvinnulífnum um leið og útrás á alþjóðamarkaði heldur áfram.

Um þróun viðskiptalífsins

Við í Samfylkingunni erum fylgjandi frelsi í atvinnulífnum innan ramma sanngjarnra laga og ábyrgs viðskiptasiðferðis. Atvinnulífið starfar nú í opnu alþjóðlegu samkeppnisumhverfi og því er mikilvægt að lagaumhverfi hér samræmist löggjöfinni í Evrópu.

Það er mikilvægt að samkeppnislög og -eftirlit séu þannig að hægt sé að grípa inn í með virkum aðgerðum ef markaðsráðandi fyrirtæki misbeita aðstöðu sinni eða fáokun þrífst í skjóli yfirburðastöðu. Við höfum áhyggjur af því að frumvarp viðskiptaráðherra veiki sjálfstæði Samkeppnisstofnunar og opni fyrir flokkspólitiska stýringu á ákvörðunum hennar.

Um Evrópusambandið

Afstaða mín og Samfylkingarinnar í þessu efni er öllum kunn. Flokkurinn vill ná breiðri samstöðu meðal þjóðarinnar um samningsmarkmið sem látið verði reyna á í aðildarviðræðum. Niðurstöður þeirra verði síðan lagðar undir þjóðaratkvæði. Eg tel líklegt að í slíkum viðræðum náist jákvæð niðurstaða fyrir okkur.

Um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu

Ég styð aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Aðildin að bandalaginu hefur ásamt tengslunum við Bandaríkin, norrænu samstarfi og þátttöku í starfi Sameinuðu þjóðanna verið grundvöllur varnar- og alþjóðastefnu Íslendinga á lýðveldistímanum. Þennan grundvöll á að varðveita, og auðga hann með aukinni áherslu á þróunarsamstarf við fátæk ríki og alþjóðasamvinnu gegn umhverfisvá.

Um varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna

Bandaríkjamenn hafa breytt verulega viðbúnaði sínum hér og ætla sér frekari samdrátt, ef ekki brottför. Núverandi ríkisstjórn hefur ekki skilgreint varnarþarfir Íslands í næstu framtíð þótt ljóst sé að hættur og ógnir í þeim efnum eru allt aðrir en áður. Þetta þarf að gera, og semja síðan við Bandaríkjamenn, eina sér eða ásamt öðrum bandamönnum, um fyrirkomulag varnanna. Eg tek fram að hvað sem líður deilum á sínum tíma felst í varnarsamningnum frá 1951 ótvírátt gildi fyrir Íslendinga, því að hann skapar okkur betri stöðu gagnvart eina risavelldi veraldar en nánast nokkurri annarri þjóð.

Eg tel að við eigum að annast sjálf öll öryggismál okkar, þótt við sjáum áfram fyrir varnarþættinum með samningum við bandamenn. Í þeim samskiptum verður sjálfákvörðunarréttur Íslendinga að vera grundvöllurinn.

VILTU SKJÓL Á
VERÖNDINA?



MARKISUR



www.markisur.com

Firem Fjárfesting ehf

REX

Dalbaut 3, 105 Reykjavík · Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

Fólk sem nær að skara framúr
er einfaldlega fólk sem
langar meira til þess en aðra.

Ian Schrager (f. 1948), bandarískur athafnamaður.

NÝ UPPLIFUN

Ný verzlun Odda með
skrifstofuvörur verður
opnuð í Borgartúni 29
á morgun.

skoðun

SJÓNARMÍÐ
JÓN KALDAL

Það er löngu tímabært að Alþingi endurskoði löggjöf um fjármál stjórnmalaflokka.

Hverjir eiga flokkana?

Það er fyllsta ástæða til að fagna því að Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra og Framsóknarflokkurinn ætli að styðja tillögur um að Alþingi endurskoði löggjöf um fjármál stjórnmalaflokka.

Nú þegar komið er á hreint að allir flokkarnir deila því áhugamáli að fest verði í lög tilkynningarskylda um eignarhald á fjölmiðlum, eins og gerð er tillaga um í skýrslu hinnar þverpólítísku fjölmiðlanefndar, getur flokkunum ekki lengur verið stætt á því að gefa ekki upp hverjir eru helstu bakhjarlar þeirra. Það hverjir eiga flokkana getur ekki verið minna mál fyrir lýðræðið en hverjir eiga fjölmiðlana; sjálfsagt sanngirnismál er að hvort tveggja sé á hreinu.

Opið bókhald flokkanna hefur verið sérstakt baráttumál Jóhönnu Sigurðardóttur, þingkonu Samfylkingarinnar, og stuðningur framsóknarmanna við málið nú kemur fram í kjölfar skýrslu um fjárframlög til stjórnmalastarfsemi og starfs- umhverfi stjórnmalaflokka á Íslandi sem lögð var fram á Alþingi á miðvikudag, en skýrslan var unnin að ósk Jóhönnu og fleiri samfylkingarþingmanna.

Undanfarinn áratug hefur Jóhanna margsinnis verið í forystu þingmanna sem hafa lagt fram frumvarp á Alþingi sem miðar að því að færa upp á yfirborðið bókhald stjórnmalaflokka og hvernig þeir fjármagna starfsemi sína, ekki síst kosninga- baráttu. Það er illskiljanlegt af hverju frumvarpið hefur ekki fengist samþykkt en ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hefur kosið að veita því ekki brautargengi. Sérstaklega hafa sjálfstæðismenn barist gegn öllum hugmyndum um opnun bókhalds flokkanna og verður því spennandi að sjá viðbrögð þeirra við því útspli samstarfsflokksins í ríkisstjórninni að styðja slíkar tillögur.

Lýðræði þrífst ekki án stjórnmalaflokka og stjórnmalaflokkar þrífast ekki án peninga til að halda úti flokksstarfi sínu. Auk fjárútláta við venjubundið starf þeirra bætist við kostnaðurinn af auglýsingaherferðum fyrir kosningar, sem getur hlaupið á tugum milljóna króna. Og hverjir borga brúsann? Ríkið að einhverju leyti með föstu framlagi sem er miðað við hlutfallslega skiptingu þingsæta í undangengnum kosningum, en stórar fjárupphæðir koma úr vösum flokksmanna, vina og velunnara.

Rök andstæðinga þess að opna bókhald flokkanna eru þau að á sama hátt og það er einkamál hvers og eins hvaða flokk hann kys sé það einkamál hans hvaða flokk hann styðji með fjárframlögum. Æ sér gjöf til gjalda segir hins vegar gamalt og gott máltæki sem nær ágætlega utan um af hverju við kjósendur eigum kröfu um að sjá hverjir það eru sem kosta baráttu alþingismanna okkar fyrir sætum sínum.

Það má líka hafa bak við eyrað orð þess oft á tíðum vanmetna fyrrverandi forseta Bandaríkjanna Ronalds Reagan, sem fangaði sambúð stjórnmalamanna og fjármagnseigenda einu sinni með þessum orðum: „Stjórnmal eiga víst að vera næstelsta atvinnugreinin. Ég hef komist að því að þau eru nauðalík þeirri elstu.“ ■

FRÁ DEGI TIL DAGS

Aðkomumennirnir

Mikið er það undarlegt hversu langur tími leið frá hinni grimmu og ógeðfelli meðferð sem ungar Akureyringur varð fyrir í Vaðlaheiði um síðustu helgi og þar til fréttir af glæpnunum spurðust út. Halda mætti að lögreglan hefði ekki verið í stakk búin til að segja frá þar sem það voru heimamenn sem brutu af sér og þess vegna ekki hægt að kenna aðkomumönnum um. Síðast í gær voru fréttir í útvarpi óvissu af gangi málsins þar sem lögreglan var ekki til svara. Þetta er sérstakt háttarlag og óskiljanlegt. Þegar glæpamenn fremja glæpi á lögreglan að segja frá – nema í þau sárfaðu skipti sem það gæti skemmt rannsókn.

Lok, lok og læs

Það er mörgum enn í fersku minni þegar lögreglan læsti lögreglustöðinni í Neskaupstað og svaraði engum sínum meðan verið var að rannsaka líkfundarmálið. Þá reyndi lögreglan ítrekað að stinga höfðinu í sandinn meðan þjóðin beið fréttar af gangi rannsóknarinnar. Þetta er séríslensk aðferð sem hefur ekkert upp á sig.

Þingmaðurinn og rotturnar

Það er margt sem kemur til kasta Alþingis og enn fleira sem alþingismenn láta sig varða. Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frálslynda flokksins, hefur sett svip sinn á þingstórf-

in. Hann er samt ekki með hugann við þingid í upphafi nýjasta pistilsins á heimasíðu sinni. Þar segir þingmaðurinn: „Rottur hafa verið nokkuð í umræðunni nú síðustu daga vegna þess að fjölskylda í Breiðholti var óvænt heimsótt af þessu spendýri. Rottur eru taldar með ógeðslegustu meindýrum sem hafa hægt er að fá í hibiýlin og eru þekktar fyrir m.a. að bera á milli smit-sjúkdóma. Í seinni tíð hefur mannskepnan haft þó nokkurt gagn af rottum en þær eru algeng tilraunadýr í margvíslegum lífeðlisfræðilegum tilraunum.“ Svo mörg voru þau orð.

sme@frettabladid.is



Dramb er falli næst

„Hver uppsker eins og hann sáir og það er sjálfsagt að gleðjast yfir góðum árangri eftir mikið erfiði. En dramb er falli næst og ekkert kemur af sjálfu sér. Við Íslendingar höfum þurft að hafa mikið fyrir hlutunum og munum áfram þurfa að hafa það í breyttum heimi. Og raunar sem aldrei fyrr.“

Þessi spámanslegu orð féllu í Hólaræðu sem Halldór Ásgrímsson flutti fyrir tæpum tveimur árum. Engu er líkara en Halldór og forusta flokksins hafi skyndilega vaknað upp af blundi og áttað sig á að ríkuleg uppskera varðandi hlutdeild í landstjórninni væri farin að stiga þeim til höfuðs. Að drambsemi hafi verið farið að gæta, eftir langa samfellda setu í ríkisstjórn.

Umræðan um sölu Símans hefur dregið þetta vel fram, en umtalsverðar tortryggni hefur gætt í tengslum við hana, einkum vegna þess að reglur og skilyrði við sölu hafa ekki þótt nægjanlega gagnsæ. Skýrast kemur þessi tortryggni fram í fjöldahreyfingu Agnesar Bragadóttur en einnig í almennri umræðu. Stóru skilaboðin til stjórnarflokka felast í augljósum trúnaðarbresti milli þeirra og talsverðs hluta almennings. Menn eru einfaldlega tilbúnir til að trúa því – eða í það minnsta hlusta á – að óeðlilegir sérhagsmunir hafi ráðið för þegar leikreglurnar voru ákveðnar. Slíkur trúnaðarbrestur er rökrétt framhald drambsamra stjórnarháttar, stjórnarháttar þar sem menn hafa ekki talið ástæðu til að útsýra ákvarðanir í auðmýkt og viljað knýja hluti fram í krafti valdbóðs og meirihlutastyrks. Stundum er þetta kallað foringjastill eða flokksræði og þetta er sá stíll sem öðru fremur hefur einkennt stjórnmalaforustu þeirra tvímenninga Halldórs Ásgrímssonar og Davíðs Oddssonar á undanförunum árum. Drambsamt gagnsæi skapar tortryggni og hin drambsoðu viðbrögð við tortryggni eru oftast en ekki hneykslun og furða á því að menn skuli yfirleitt leyfa sér eða

Í DAG
TILLÖGUR
FRAMSÓKNAR

BIRGIR
GUÐMUNDSSON



Viðbrögð sem e.t.v. gætu byggt upp traust og tiltrú vegna þess að þau eru andstæða drambins og fela í sér auðmýkt gagnsæisins.

láta sér detta í huga að viðhafa einhverjar efasemdir um stjórnarhætti. Enda hefur ekki staðið á því að viðbrögð stjórnarliðsins við umkvörtunum um ógagnsæi sölufelís Símans hafi verið af þessum toga. Gagnrýnin er sögð dylgjur, ómál-efnaleg, og rógur, sem hún raunar er að hluta. Hins vegar dæma dylgjur sig sjálfar ef stjórnarflokkarnir skýra sjónarmið sín í eðlilegri auðmýkt. Þannig mun t.d. furðulegur Kastljósþáttur sem sendur var út sl. sunnudagskvöld dæma sig sjálfur, en þar var líkamsræktarfrömuður beinlínis fenginn til að bera á borð áskanir og samsæriskenningar sínar en nafngreinda einstaklinga í tilefni af því að manneskjan var að hugsa um að skrifa kannski einhvern tíma bók um málið! Sennilega mun þessi þáttur gagnast best þeim sem mest var ráðist gegn í þættinum, en hins vegar er að heyrja á almennt umræðu að þátturinn kunni að skaða trú manna á blaðamennsku og á fréttastofum RÚV, enda gerir almenningur ekki mikinn mun á fréttastofunum sjálfum og dagskrárgerð við fréttatengt efni.

En slíkar hliðarsýningar eru þó aukaatriði. Aðalatriðið fyrir stjórnarflokkana og þó einkum Fram-

sóknarflokkinn er að glíma við það vantraust og tortryggni sem augljóslega er til staðar í samfélaginu gagnvart stjórnarháttum flokksins. Það verður ekki gert nema með því að skýra efnisatriði málsins og með því að gera ákvörðunarferlið gagnsætt og opið. Engu er líkara en ræða formansins frá því á Hólum í hitteðfyrri hafi rifjast upp og menn munað eftir því að „dramb er falli næst og ekkert kemur af sjálfu sér“. Allra síst kemur traust af sjálfu sér, menn verða að vinna fyrir því. Á síðustu dögum þessa erfiða vetrar hjá Framsókn koma loksins fram skynsamleg og raunveruleg viðbrögð frá flokknum. Viðbrögð sem e.t.v. gætu byggt upp traust og tiltrú vegna þess að þau eru andstæða drambins og fela í sér auðmýkt gagnsæisins. Þessi viðbrögð felast í því að forsætisráðherra stígur nú fram og vill endurskoða löggjöfina um stjórnmalaflokka. Þau felast í því að framsóknarmenn hafa nú frumkvæði að því að opinbera eignatengsl (og skuldir) þingmanna og ráðherra. Þau felast í því að formaður fjárlaganefndar kemur fram og vill ræða í þaula skýrslu Ríkisendurskoðunar um einkavæðingu bankanna. Síðast en ekki síst felast viðbrögðin í því að forsætisráðherra ætla að opinbera skýrslu ráðgjafafyrirtækisins Morgan Stanley um sölu Símans.

Í sjálfu sér eru hér á ferðinni gamalkunnar hugmyndir sem sumar hafa borið oft á góma og menn og konur í öllum flokkum hafa sett fram með einum eða öðrum hætti. Það rýrir þó ekki gildi þeirra nema síður sé. Mikið liggur við fyrir Framsókn að flokknum takist að koma þessu í gegn þannig að almenningur trúi því að þar fylgi hugur máli og að ekki sé eingöngu verið að bregðast við í nauðvörn. Hvort þetta dugar flokknum til að skapa traust á eftir að koma í ljós, en hitt er ótvírætt að í þessu felst góð pólitík og er auk þess skynsamlegasti PR-spuni sem sést hefur frá flokknum um langt skeið. ■

Gallabuxur
20% afsláttur
SUMARAUKI
Bolí 30% afsláttur

Herra
hafnarfjörður

Herra Hafnarfjörður • Sími 565 0073

Nýr páfi tekinn við

Benedikt XVI
boðar lítið nýtt

Með vali á nýjum páfa mun
Katólska kirkjan ekki
nútimavæðast í nánustu framtíð

LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

visir

FRÉTTABLAÐIÐ


ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skatahlíð 24, 105 Reykjavík AÐAL- SÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐI: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLSLA: Isafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Franskir dagar


í Kringlunni

Sérfræðingur frá Lesieur verður í Hagkaupum Kringlunni föstudaginn 22. apríl frá kl. 15 til 18:30.




 **Lesieur** franskar kryddolíur í ótrúlegu úrvali.

Petrína Rós Karlsdóttir þekkir vel til Frakklands og franskar matargerðar og hefur staðið fyrir fjölda franskra matreiðslunámskeiða. Hún mun kynna fyrir gestum Hagkaupa hinar vinsælu frönsku matarolíur frá Lesieur. Kynntir verða fjölbreyttir notkunarmöguleikar, mismunandi eiginleikar auk þess sem gestum mun gefast tækifæri á að bragða á olíunum.




Kristinn Freyr Guðmundsson með Délifrance samloku



 **Delifrance** franskur bakstur í hæsta gæðaflokki, baquette, smjörhorn, vinarbrauð, bökur og margt fleira.



 **Maille** ekta franskt hágæða sinnep, valið besta sinnep í þættinum "follow that food".

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

UMRÆÐAN
BREYTINGAR Á
STJÓRNARSKRÁ



JÖRUNN SÖRENSEN

Aðskilnaður ríkis og kirkju – skýlaus krafa

Á árinu 2004 fara hvorki meira né minna en tæpir 2 milljarðar af almannafé til þjóðkirkjunnar. Aðrar kristnar kirkjudeildir og aðrir trúarsöfnuðir fá ekkert. Ríkisvaldið tekur að vísu að sér að innheimta sóknargjöld fyrir aðra söfnuði eins og það gerir fyrir þjóðkirkjuna. Það er sérstaklega tekið fram í stjórnskránni að enginn sé skyldugur til þess að greiða gjöld til trúfélags sem hann tilheyrir ekki. Engu að síður er hver maður utan trúfélaga krafinn um sömu upphæð og ella rynni til trúfélags hans.

Í byrjun þessa árs var skipuð enn ein nefndin til þess að endurskoða „einkum“ ákvæðnar greinar í stjórnskrá lýðveldisins Íslands. Í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins 6. janúar var viðtal við Halldór Ásgrímsson um skipunarbréf nefndarinnar. Þar sagði forsætisráðherra m.a. eitthvað á þá leið að engin þörf væri á að endurskoða greinarnar um trú og kirkju, því hann hefði ekki heyrt af neinni andstöðu við þau ákvæði. Mér er spurn: Hvar hefur forsætisráðherra alið manninn?

Stór hópur þjóðarinnar vill aðskilnað ríkis og kirkju. Samtök hafa verið starfandi á landinu í mörg ár með það að markmiði að skilið verði á milli veraldlegs og andlegs valds í stjórnskránni og í þeim samtökum eru bæði trúaðir og trúlausir.

Í orði kveðnu ríkir trúfrelsi á Íslandi. Í 63. grein stjórnskrárinnar segir: „Allir eiga rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins.“ Það er ítrekað í 64. grein stjórnskrárinnar en þar stendur m.a.: „Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða

sinna.“ Samkvæmt stjórnskránni er einnig leyfilegt að vera trúlaus á Íslandi, því í 64. gr. stjórnskrárinnar segir einnig: „Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga.“

Þetta hljómar allt mjög vel en hvernig er framkvæmdin? Í stjórnskránni sjálfri er ákvæði sem stangast vægast sagt á við ofangreindar tilvitnunar um rétt manna til þess að stofna trúfélög eða standa utan trúfélaga án þess að missa borgaralegra og þjóðlegra réttinda sinna, því 62. grein stjórnskrárinnar hljóðar svo: „Hin evangelíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.“

Með þessu ákvæði er grundvöllurinn undir raunverulegu trúfrelsi brostinn. Með því að hygla einni kirkjudeild í einni tegund trúar er þegnum ríkisins mismunað grófléga. Á árinu 2004 fara hvorki meira né minna en tæpir 2 milljarðar af almannafé til þjóðkirkjunnar. Aðrar kristnar kirkjudeildir og aðrir trúarsöfnuðir fá ekkert. Ríkisvaldið tekur að vísu að sér að innheimta sóknargjöld fyrir aðra söfnuði eins og það

gerir fyrir þjóðkirkjuna. Það er sérstaklega tekið fram í stjórnskránni að enginn sé skyldugur til þess að greiða gjöld til trúfélags sem hann tilheyrir ekki. Engu að síður er hver maður utan trúfélaga krafinn um sömu upphæð og ella rynni til trúfélags hans. Í stjórnskránni segir í 64. grein: „Nú er maður utan trúfélaga og greiðir hann þá til Háskóla Íslands gjöld þau sem honum hefði ella borð að greiða til trúfélags síns.“ Það stenst engan veginn að halda því fram að þeir sem eru utan trúfélaga haldi borgaralegum réttindum sínum þegar þeir fá á engan hátt notið þeirra gjalda sem þeim er gert skylt að greiða.

Í nútíma fjölmenningslegu samfélagi er alrangt að blanda saman ríkisvaldi og kirkju. Það er báðum stofnunum til tjóns og vansa. Nokkur dæmi koma í hugann: Látlausir árekstrar eru milli ríkis og kirkju vegna jarðeigna sem báðir aðilar telja sig eiga, ríkistrúarbrögðin hafa forgang í kennslu um trúarbrögð í grunnskólunum, prestar ríkiskirkjunnar fá aðgang að skólatímanum fyrir fermingar-

fræðslu, alls konar stofnanir telja sér skylt að sjá til þess að ríkistrúarbrögðin séu iðkuð, svo sem sjúkrahús og grunnskólar – jafnvel leikskólar – Alþingi getur ekki hafið störf án þess að ganga fyrst til kirkju, Ríkisútvarpið lætur lesa bænir kvölds og morgna og flytur messu í hverri viku og svona má lengi telja.

Það er því tömt mál að tala um trúfrelsi hér á landi á meðan einn anginn í einni tegund trúarbragða er kallaður „þjóðkirkja“ og þar með gerður að ríkistrú með því að ríkisvaldið heldur henni einni á lofti. Trú er einkamál hvers og eins og á hvorki að vera iðkuð eða studd af ríkisvaldinu. Málið snýr enn verr að þeim sem standa utan trúarsafnaða, þar sem þeir eru skikkaðir til þess að greiða gjöld sem þeir njóta á engan hátt.

Nú hefur enn á ný verið skipuð nefnd til þess að fara yfir stjórnskrána og gera tillögur að breytingum. Þeirri nefnd er vandi á höndum og er hér með skorað á nefndarmenn að leggja til að skilið verði á milli ríkis og kirkju. ■

FÖSTUDAGS- TILBOÐ

DÖMUSKÓR



6995 kr. - verð áður
3.995 kr. - verð nú

stærðir: 36-41

TILBOÐ GILDA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Toppskórin

Suðurlandsbraut 54, sími 533 3109

Yfirlýsingum trúnaðarmanns vísað á bug

Eftir að hafa lesið grein Fréttablaðsins 20. apríl þá er okkur forsvarsmönnum GT verktaka orðið nóg boðið.

Hljómsveitin Huun Huur Tu var stofnuð árið 1992, ári eftir að Tuva hlaut sjálfstæði á ný eftir fall Sovétríkjanna. Hirðingjæðlið er ríkt í

Tuva og frá því að hljóm- sveitin kom fyrst fram hafa meðlimir Huun Huur Tu ferðast vítt og breitt um heiminn til að kynna tónlist sína. Þeir hafa gefið út nokkrar plötur, tónlist þeirra hefur verið notuð í kvikmyndir og þeir hafa komið fram með tónlistarmönnum á borð við Frank Zappa, Ry Cooder, Kronos kvartettinum og írsku þjóðlagasveitinni The Chieftains.

Meðlimir Huun Huur Tu eru óhræddir við að blanda söng sínum og hljóðfærleik saman við nýjar stefnur og strauma í tónlist og hefur tónlist þeirra til dæmis verið gefin út í „remixi“ nokkurra plötusnúða af yngri kynslóðinni. Tón- listarmennirnir í Huun Huur Tu er stoltir af tónlist sinni og telja að hún höfði til allra. ■

Brauðostur á tilboði



20% afsláttur

Nú færðu brauðost í sérmerktum kílóastykkjum á tilboði í næstu verslun!



Gönguferðir um Kaupmannahöfn

Í sumar verða skipulagðar göngu- ferðir um Kaupmannahöfn undir leiðsögn Guðlaugs Arasonar rit- höfundar líkt og verið hefur undan- farin ár. Ferðirnar eru hugsaðar fyrir Íslendinga sem leið eiga um borgina og hefur mikill fjöldi fólks notfært sér þennan mögu- leika. Ferðirnar hefjast 1. maí og eru út september.

Í sumar verður tekin upp sú nýbreytni að bjóða upp á nýja gönguleið í tilefni 200 ára afmæ- lis H.C. Andersen og 100 ára af- mælis Ráðhússins. Í þeirri ferð

verður litið inn í sjálft Ráðhúsið en síðan farið um suðurhluta gömlu Kaupmannarhafnar, út á Hallarhólma þar sem konungs- hallir stóðu um aldir og fleiri merkilegar byggingar. Á þessari leið liggja spor fjölmargra Íslend- inga sem sagt verður frá í bland við sögu borgarinnar. Gönguferð- in um gömlu göðu Kaupmanna- höfn er á þriðjudögum.

Á sunnudögum og miðvikudög- um er líka gengið um gamla bæ- inn og áhersla lögð á þá staði sem koma við sögu Íslands. Þá er heils-

að upp á menn eins og Baldvin Einarsson, Jónas Hallgrímsson, Brynjólf Pétursson og Árna Magnússon. Farið er um Latínu- hverfið, meðal annars komið við á Garði þar sem íslenskir stúdentar bjuggu áður fyrr og rakin saga handritabrunans. Þessar ferðir enda ýmist í Jónshúsi eða á Café Jonas skammt frá Nýhöfn.

Allar ferðirnar hefjast stund- víslega klukkan 13 á Ráðhús- tröppunum. Nánari upplýsingar er hægt að finna á heimasíðunni www.islandscenter.dk ■

Helgarsprengja

í Office 1 Skeifunni

79.900,-

40.000 kr. verðlækkun!

2ja ára neytenda-ábyrgð!

HP FARTÖLVA

HP COMPAQ NX9020 360

- Intel® Celeron® M 360 (1,4Ghz)
 - Skjár: 15" XGA, upplausn 1024 x 768
 - 256MB DDR RAM (mest 2GB)
 - 40GB
 - DVD/CD-RW (combo drif)
 - Intel® Extreme Graphics 2, allt að 64MB
 - 16-bit stereo
 - Innbyggt 10/100 Ethernet NIC
 - Innbyggt 56K (V.92) mótald
 - Þráðlaust netkort 802.11b/g WLAN 54Mb
 - 2 X USB2,VGA, RJ-11
 - Lithium-ion rafhlaða 3,5 klst. ending
 - 3 kg
- Stýrikerfi: Microsoft Windows XP Pro

2ja ára neytenda-ábyrgð!

NEC FARTÖLVA

NEC Versa M500E

- Intel® Celeron® M 330 Processor
- L2 Cache: 512KB for Intel® Celeron® M
- 256MB DDR vinnsluminni
- 15" TFT XGA skjár
- 40GB harður diskur
- Combo drif (DVD & CDRW)
- Rafhlaða 6 cell Lithium-ion
- 4x USB 2.0 tengi
- LAN: 10/100M base-T LAN
- Stærð (WxDxH): 318 x 277 x 22-36.7 mm
- Þyngd: aðeins 2.6kg

59.900,-

60.000 kr. verðlækkun!

FARTÖLVA

NEC Versa M500C

- Intel® Pentium® M 710 Örgjörvi
- L2 Cache: 2MB for Intel® Pentium® M
- 512MB DDR SDRAM
- HDD: 40GB
- DVD / CD-RW combo drif
- Rafhlaða : 6-cell Li-ion - 4000 mAh
- USB tengi: 4x USB 2.0
- LAN: 10/100M base-T LAN
- Intel® PRO/Wireless 2200BG)
- 318 x 277 x 22-36.7 mm
- Þyngd: 2.6kg
- MS Works 7.0

79.900,-

60.000 kr. verðlækkun!

2ja ára neytenda-ábyrgð!

Prentari HP Deskjet 5740



9.900,-

Verð áður 12.900,-

Myndaskanni

HP Scanjet 3770



9.900,-

Verð áður 12.900,-

Tölvumús

Labtec optical mús m/ vefhjóli.

Vörunúmer: 911530-0914



1.999,-

Verð áður 2.999,-

USB 2.0 minnislyklar

2.900,-
256 MB

5.900,-
512 MB

9.900,-
1 GB

• • Afgreiðslutímar verslana!

Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18, sunnudaga 13-18
Office 1 Skeifunni 17 •
Office 1 Akureyri • Office 1 Egilsstöðum
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16

Pantanir 550 4111
Fax 550 4101
www.office1.is
pontun@office1.is

Office 1 Superstore

Það er bara einn sem er alltaf ódýrastur!



BROADWAY www.broadway.is
Veistusalir fyrir öll tilefni Sími: 533-1100

Siðasta sýning
23. apríl
Hljómsveitin HUNANG

Þjóðin sá myndina - ekki missa af söngleiknum

TÓNLEIKAR

Tónlist sem situr annars staðar í kroppnum

Í kvöld er komið að tónleikum Fabúlu eða Margrétar Kristínar Sigurðardóttur í konsertröðinni Kvöld í Hveró sem fer fram í Hveragerðiskirkju nú á vormánudum. Fabúla kom fyrst fram á sjónarsviðið þegar hún sendi frá sér plötuna „Fabula – Cut my strings“ haustið 1966 og var sú plata tilnefnd til Íslensku Tónlistarverðlaunanna þá um haustið.

„Ég spila í kvöld með þyrri hljómsveit og eru það þeir Birkir Gíslason sem spilar á gítar, Jökull Jörgensen á bassa, Erik Quick á trommur og ég spila á píanó og orgel. Þetta verður blanda af nýju efni og eldra, svo ég mun frumflytja þarna nokkur lög en einnig spila nokkur af plötunum mínum, Kossafar á ilinni og Cut my strings,“ segir Margrét sem segist vera með talsvert af nýju efni í pokahorninu.

„Ég hef verið að semja mikið undanfarið og fer jafnvel að taka upp nýja plötu í sumar.“ Aðspurð um hvernig hljómur verði á nýju plötunni í samanburði við þær gömlu segir hún eftir stutta umhugsun: „Jú það er svolítið öðruvísi hljómur en erfitt að lýsa því hvernig hann er öðruvísi. Við getum kannski sagt að það sé meiri botn eða bassi, bassinn hefur alltaf verið aukaatriði hjá mér. Í rauninni þá finnst mér þessi tónlist bara sitja annars staðar í kroppnum, án þess að það sé útskýrt eitthvað nánar.“

Tónleikarnir í kvöld eru þeir þriðju í röðinni en nú þegar hafa Halli Reynis og Valgeir Guðjóns



MARGRÉT KRISTÍN SIGURÐARDÓTTIR Hún kallar sig Fabúlu og heldur tónleika í Hveragerðiskirkju í kvöld þar sem hún flytur nýtt efni í bland við gamalt.

komu fram. Næstir í röðinni eru svo systkinin KK og Ellen Kristján og þar á eftir eru það Stebbi og Eyvi og að lokum Hjalmar sem halda tónleika í Hveragerðiskirkju sem á að vera ein sú allra hljómfagra.

Sveitasynir hita upp fyrir Fabúlu og flytja þeir einungis frumsamið efni. „Ég hlakka mjög til að heyra í þessum strákum

sem eru víst rosa skemmtilegir. Annars vona ég bara að sem flestir láti sjá sig og ég held að þetta verði gott kvöld. Fólk getur búist við dramatískri stemningu í Hveragerðiskirkju í kvöld en líka léttri og ljúfri tónlist,“ segir Fabúla hressilega.

Frekari upplýsingar um Kvöld í Hveró má finna á heimasíðunni www.kvaldihvero.go.is.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
TÓNLIST, LEIKUR, GLEÐI!

Stóra sviðið kl. 20.00

EDITH PIAF - Sigurður Pálsson
Lau. 23/4 örfá sæti laus, lau. 30/4 uppselt, lau. 7/5 uppselt, fim. 12/5 örfá sæti laus, fös. 13/5 uppselt.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR - Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.
Sun. 24/4 kl. 14:00 uppselt, sun. 1/5 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 8/5 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 22/5 kl. 14:00 uppselt.

DÍNAMÍT - Birgir Sigurðsson
Frum-sýning mið. 27/4 örfá sæti laus, 2. sýn. fös. 29/4 örfá sæti laus, 3. sýn. sun. 1/5 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 5/5 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 6/5 örfá sæti laus, 6. sýn. mið. 11/5 örfá sæti laus.

MÝRARLJÓS - Marina Carr
Fim. 28/4 örfá sæti laus, sun. 8/5 örfá sæti laus. Aðeins þessar tvær sýningar eftir!

Smíðaverkstæðið kl. 20.00

GRJÓTHARÐIR - Hávar Sigurjónsson
Fim. 28/4, fös. 29/4 nokkur sæti laus. Sýningum að ljúka á Smíðaverkstæði. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Litla sviðið kl. 20.00

KODDAMAÐURINN - Martin McDonagh
Í kvöld fös. 22/4 uppselt, fös. 29/4 nokkur sæti laus, aukasýning sun. 1/5, fim. 5/5 örfá sæti laus, fös. 6/5 örfá sæti laus, mið. 11/5 nokkur sæti laus, lau. 28/5 uppselt. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin! Sýningin hentar ekki viðkvæmu fólki og börnum.

Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Vefvang: www.leikhusid.is
Opíð kl. 12:30-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 12:30-20:00. Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga.
Þjóðleikhúsið sími 551-1200

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

DRAUMLEIKUR
e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHL.
Su 24/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20 - **UPPSELT**,
Siðustu sýningar

HÍBYLI VINDANNA
leikgerð Bjarna Jónssonar eftir
Vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar
Í kvöld kl 20, Lau 30/4 kl 20, Su 8/5 kl 20,
Fö 13/5 kl 20
- Fáar sýningar eftir

HÉRI HÉRASON
e. Coline Serreau
Lau 23/4 kl 20, Fö 29/4 kl 20, Lau 7/5 kl 20

KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren
Í samstarfi við Á þakinu
Lau 23/4 kl 14 - **UPPSELT**,
Su 24/4 kl 14 - **UPPSELT**,
Su 1/5 kl 14, Su 1/5 kl 17, Fi 5/5 kl 14,
Lau 7/5 kl 14

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN

TERRORISMI
e. Presnyakov bræður
Fi 28/4 kl 20, Fi 5/5 kl 20

Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna - gildir ekki á barnasýningar

SEGÐU MÉR ALLT
e. Kristínu Ómarsdóttur
Í kvöld kl 20
Siðasta sýning

AUSA eftir Lee Hall
Í samstarfi við LA.
Í kvöld kl 20 - **Siðasta sýning**
- Ath: Miðaverð kr. 1.500

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.
Í kvöld kl. 20 - **UPPS.**, Lau 23/4 kl 20,
Su 24/4 kl 20 - **UPPS.**, Fö 29/4 kl 20 - **UPPS.**,
Lau 30/4 kl 20 - **UPPS.**, Su 1/5 kl 20 - **UPPS.**,
Mi 4/5 kl 20 - **UPPS.**, Fi 5/5 kl 20 - **UPPS.**,
Fö 6/5 kl 20, Lau 7/6 kl 20 - **UPPS.**,
Su 8/5 kl 20

SVIK
eftir Harold Pinter
Samstarf: Á SENUNNI, SÖGN ehf. og LA
Su 24/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20 - **Aukasýningar**

RÍÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ
e. Önnu Reynolds.
Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS.
Í kvöld kl 20, Lau 23/4 kl 20
Lau 30/4 kl 20, Su 1/5 kl 20

AUGNABLIKIÐ FANGAÐ

DANSLEIKHÚSIÐ
fjögur tímabundin dansverk
Su 24/4 kl 19:09, Su 1/5 kl 19:09
Aðeins þessar sýningar

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudaga

Maðurinn og óttinn

LEIKLIST

VALGEIR SKAGFJÖRD

Terrorismi

Borgarleikhúsið

Höfundar: Oleg og Vladimir Presnjakov
Þýðing: Jón Atli Jónsson **Leikstjórn:** Stefán Jónsson **Leikmynd:** Börkur Jónsson
Lýsing: Halldór Örn Óskarsson **Búningar:** Stefánía Adolfsdóttir **Tónlist:** Vilhelm Anton Jónsson **Hljóðmynd:** Helgi Hauksson
Hreyfimyndir: Börkur Jónsson og Gideon Kiers **Leikarar:** Bergur Þór Ingólfsson, Edda Björg Eyjólfssdóttir, Ellert Ingimundarson, Gunnar Hansson, Hanna María Karlsdóttir, Harpa Arnardóttir, Ilmur Kristjánsdóttir, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Margrét Helga Jóhannsdóttir, Ólafur Egill Egilsson, Sveinn P. Geirsson og Þór Tulinius.

Niðurstaða: Styrkur sýningarinnar felst öðrum þræði í að verkið hefur snertiflöt við fyrirbærið einelti og aldrei er góð vísa of oft kveðin í því sambandi.

Sýnt á Nýja sviði Borgarleikhússins

Ég verð að játa að ég hreifst ekki eins mikið af þessari sýningu og Héra Hérasyni sem Stefán Jónsson leikstýrði einnig hjá Borgarleikhúsinu fyrr í vetur. Hvað um það. Verk Presnjakov-bræðra er öðruvísi þótt finna megi ákveðinn samhlóm í hugblæ verkanna. Það sem er áhugavert við þetta verk finnst mér hið margslungna birtingarform óttans sem endalaust getur stjórnað manningum, hugsunum hans, orðum og athöfnum. Óttinn er eðlislæg tilfinning og á sér djúpar rætur í mannssálinni. Hann bæði refsar og umbunar. Maðurinn hefur tekið hann í þjónustu sína og þjónað honum á sama hátt, dyggilega, samviskusamlega, allt til dauðans.

Í þessari sýningu tekst einhvern veginn ekki að virkja leikarahópinn sem eina sterka heild og skrifast það kannski á verkið sjálft sem er nokkuð sundurleitt þótt reynt sé að tengja persónur og atburði. Mér fannst nokkuð skorta á hina yfirvofandi hættu utansviðs þótt örloði á henni endrum og sinnum. Mig vantaði að upplifa hina sterku ógn terrorism-

ans - mig vantaði óttann. Ég var öruggur í sætinu og vissi upp á hárf að ég kæmist lifandi út úr leikhúsinu að sýningu lokinni.

Vissulega er sterkur boðskapur í verkinu og full þörf á að minna okkur ónuglyndu Íslendingana sem syndum í allsnægtum nú um stundir á það að lífið og frelsið er ekki alveg sjálfsagt og heimurinn gæti batnað töluvert ef við vönduðum okkur betur í mannlegum samskiptum.

Leikararnir í sýningunni gera margt vel eins og t.d. Ellert Ingimundarson sem verður betri með hverju árinu, vex og þroskast við hverja raun eins og góð eðalvín eiga að gera. Konurnar fá ekki eins mikið að gera (verkið er skrifað af körlum nota bene) en þær vinna vel úr því sem þær fá. Ég nefni til sögunnar Hörpu Arnardóttur sem átti stórleik í litlu hlutverki og Kötlu Margrét í svefnherbergissenunni. Svona rúmsenur eru alltaf erfiðar og viðkvæmar en þessi slapp fyrir horn. Gunnar Hansson átti einnig finan leik en Sveinn Geirsson var heldur gustmikill fyrir minn smekk. Það þarf ekki að öskra og láta öllum illum látum til að hafa „autorítt“ á sviði. Stundum gerir lítið meira.

Ólafur Egill Egilsson var skemmtilega aukunarverður og



TERRORISMI Stefán Jónsson leikstýrir verkinu sem er sýnt á Nýja sviði Borgarleikhússins.

Degi jarðar fagnað í Iðnó

Í dag er víða um heim haldinn „Dagur jarðar“. Samtökin Augnablik fagna þessum degi og sumarkomunni með sumarfagnaði í Iðnó þar sem flutt verður dagskrá í máli og myndum um magnað göngusvæði norðan Vatnajökuls. Augnablik hefur undanfarin tvö sumur staðið fyrir gönguferðum um svæðið, undraveröld Jöklu og Kringilsárrana. Að lokinni dagskrá verður slegið upp balli þar sem Magga Stína og hljómsveitin Hringir leika fyrir dansi. Dagur jarðar var fyrst haldinn árið 1970 en þá var boðað til mótmæla víðs vegar um Bandaríkin og milljónir manna fylltu götur og fundarsali til að krefjast aðgerða til að vernda náttúru og umhverfi. Hér á landi hefur þessi dagur ekki verið haldinn hátiðlegur en nú gefst tækifæri til þess. Aðgangur að dagskránni um göngusvæðið er ókeypis, en tvö þúsund krónur kostar inn á dansleikinn.



HRAUKAR Á KRINGILSÁRRANA Úr einni af ferðum Augnabliks um magnað göngusvæði norðan Vatnajökuls.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRIL
19 20 21 **22** 23 24 25
Fimmtudagur

TÓNLEIKAR

20.00 Aukásýning verður í Salnum á **Töfraflautu Mozarts** í flutningi Söngdeildar Tónlistarskóla Kópavogs. Meðal flytenda eru **Unnar Geir Unnarson, Lára Rúnarsdóttir, Eyrún Ósk Ingólfsdóttir, Ragnar Ólafsson, Sigríður Kristín Helgadóttir, Sigurður Ágúst Einarsson, Fjóla Kristín Nikulásdóttir, Anna Hafberg** og **Erla Steinunn Guðmundsdóttir**. Aðgangur er ókeypis.

20.00 Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur tónleika í Íþróttahúsinu á Flúðum undir stjórn **Rumons Gamba**. Með hljómsveitinni koma fram **Miklos Dalmay, sameinaðir kirkjukórar úr uppsveitum Árnesýslu og Karlaóór Hreppamanna**. **Kórstjóri er** Edit Molnar.

21.00 **Margrét Kristín Sigurðardóttir**, eða **Fabúla**, verður með tónleika í konsertröðinni Kvöld í Hveró sem fram fer í Hveragerðiskirkju á vormánuðum. Með henni leika **Jökull Jörgensen** á bassa, **Birkir Gíslason** á gítar og **Erik Quick** á trommur. **Sveitasynir** hita upp fyrir Fabúlu.

22.30 Hljómsveitirnar **Jan Mayen, Lokbrá, Æla** og **Múskat** koma fram á risarokktónleikum á vegum XFM og MSK á Gauk á Stöng.

23.00 **Bob, Gay Parad** og **Coral** spila á Grand Rokk.

SKEMMTANIR

Hljómsveitin **Sín** skemmtir á Ránni í Keflavík.

Hljómsveitin **Logar** frá Vestmannaeyjum verða með dúndur dansleik á Kringlukuránni.

Hljómsveitin **Á móti sól** leikur á sveitaballi á Nasa við Austurvöll.

Dansleikur með **Fimm á Richter** á Klúbbnum við Gullinbrú.

Dúettinn **Acoustics** skemmtir á Ara í Ögrí.

Leikfélag Mosfellssveitar

Ævintýrabókin
barnaleikrit eftir Pétur Eggertz í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ
Leikstjóri Ingrid Jónsdóttir

6. sýning Sunnud. 17. apríl kl. 14:00
7. sýning Laugard. 23. apríl kl. 14:00
8. sýning Sunnud. 01. maí kl. 14:00
9. sýning Sunnud. 08. maí kl. 14:00

Leikritið segir frá hinum ýmsu persónum ævintýranna sem allir þekkja svo vel þó á annan hátt en í hinum raunverulegu ævintýrim. Persónur eru m.a. Mjallhvít, Rauðhetta og úlfurinn, Prinsessan á bauninni, Óskubuska, Stígvælaði kötturinn og fl.

Miðasala í síma 5 66 77 88
Miðaverð kr. 1500,-

SAMKOMUR

14.00 Verðlaun í Landskeppni „Ungra vísindamanna á Íslandi“ verða afhent í Hátiðarsal Háskóla Íslands.

DANSLIST

21.00 Aukásýning verður á **Játningum minnisleysingjans** eftir **Jóhann Frey Björgvinsson** í húsakynnum Klink og Bank á vegum danshöfundasmíðu Íslenska dansflokksins.

SÝNINGAR

18.00 **Hljóð/Orkuverk** eftir **Magneu Ásmundsdóttur** verður sýnt á gjörningavíku Nýlistasafnsins. Einnig verður önnur sýning á dansverki **Sveinbjargar Þórhallsdóttur, Hvar ertu stúlkukind?**

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síð en sólarhring fyrir birtingu.

Tenórinn

Vegna fjölda áskorana verða tvær aukásýningar

Laugardaginn 23. apríl kl. 20 - Uppselt

Auka aukásýning

Laugardaginn 7. maí kl. 20

ÍÐNÓ Miðasala í síma 562 9700 www.idno.is

Tjarnarbakkinn RESTAURANT

Apótekarinn eftir Haydn

Óperustúdíó Listaháskóla Íslands og Íslensku óperunnar

29. apríl kl. 20 - **Frumrás**
1. maí kl. 20 - 2. sýn - 3. maí kl. 20 - 3. sýn
8. maí kl. 20 - 4. sýn - 10. maí kl. 20 - 5. sýn - **Lokasýning**

Ath. Aðgangur ókeypis

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200 | ÍSLENSKA ÓPERAN

Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

Ein elsta og mesta rokkhljómsveit landsins

Logar

frá Vestmannaeyjum

á Kringlukuránni

föstudag 22. og laugardag 23. apríl 2005

Café/Restaurant **KRINGLUKRÁNNI** - á góðri stund

Sýnt í Borgarleikhúsinu!

Miðvikudagur 20. apríl Aðalæfing klukkan 18.00 - uppselt

Fimmtudagur 21. apríl FRUMSÝNING kl. 14.00 - uppselt - Sumardagurinn fyrsti

Laugardagur	23. apríl	2. sýning	kl. 14.00 - uppselt
Sunnudagur	24. apríl	3. sýning	kl. 14.00 - uppselt
Sunnudagur	1. maí	4. sýning	kl. 17.00
Sunnudagur	1. maí	5. sýning	kl. 14.00
Fimmtudagur	5. maí	6. sýning	kl. 14.00

- Uppstigningardagur

Laugardagur	8. maí	7. sýning	kl. 14.00
Sunnudagur	9. maí	8. sýning	kl. 14.00

MÍÐASALAN ER HAFIN
á www.borgarleikhus.is og í síma 568 8000

Sveppi er KALLI
A PAKINU
Eftir Astrid Lindgren

Vortónleikar 2005

Borgarkórsins

Sunnudaginn 24. apríl kl. 17:00

í kirkju

Óháða safnaðarins

við Háteigsveg

Stjórnendur:
Sigvaldi Snær Kaldalóns
og
John Gear

Miðaverð kr. 1000.
Frítt fyrir börn.

KRINGLUKRÁNNI UM HELGINA

Kveðjum veturinn og fögnum sumrinu með **SIXTIES** í kvöld.

- Fjölbreyttur sérréttamatseðill öll kvöld vikunnar
- Tilboðsmatseðill fyrir Leikhúsgesti
- Hópamatseðill
- Sérsalur fyrir hópa

Borðapantanir í síma 568-0878

www.kringlukrain.is

Avaxtakarfan Í AUSTURBÆ

Birgitta
Gadda Guleót

...Ef horft er á í réttu ljósi hve lifið er stutt og lukkan svo hverful og smá. Ef horft er á í réttu ljósi. Hver dagur er gjöf, svo margt sem að hægt er að sjá...

SPARISJÓÐURINN

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl. 14 til kl. 18

Sunnudagur 24. Apríl kl: 13:30
Sunnudagur 1. Maí kl: 13:30

pantanir í síma 551 4700

www.avaxtakarfan.is www.midi.is

DANSLEIKIR um helgina

Föstudaginn 22. apríl

HLJÓMSVEITIN

5 á Richter

... leikur fyrir dansi

Laugardaginn 23. apríl

HLJÓMSVEITIN

KUNG-FÚ

... leikur fyrir dansi

KLÚBBURINN

við Gullinbrú

Sjá nánari upplýsingar á www.klubburinn.is eða í síma 567 3100

„Just when I thought that I was out they pull me back in.“



Michael Corleone kemst að því á gamals aldri í The Godfather Part III að það er engin leið að hætta, sem er nokkuð sem Stuðmenn hefðu getað sagt honum.

bíó

bio@frettabladid.is

Vel heppnað ferðalag um alheiminn

Kvikmyndin The Hitchhiker's Guide to the Galaxy er líkleg til að slá í gegn í sumar en hún byggir á geysivinsælli skáldsögu Douglas Adams sem á fjölda aðdáenda úti um allan heim. Söguþráður myndarinnar er ekkert hernaðarleyndarmál en fyrir þá sem ekki hafa lesið verk Adams upplýsist það hér með að hún fjallar um Arthur Dent sem vaknar upp við vondan draum þegar það stendur til að rífa húsið hans vegna framkvæmda. Það er þó aðeins meira en húsið sem þarf að ryða úr vega þar sem um er að ræða gatnaframkvæmdir í alheiminum og jörðin öll er því miður í veginum. Dent er kipt af jörðinni af kunningja sínum sem reynist vera geimvera og hann sleppur því við heimsendi og leggst í fáránlegt ferðalag um vetrarbrautina þar sem hann verður margs vísari um fáránleika tilverunnar. Breska

tímaritið Empire gefur myndinni 4 stjörnur af fimm og fullvissar aðdáendur sögunnar um að þessi kvikmyndaaðlögun sem byggir á sjónvarpsþáttum sem byggja á skáldverki sem byggir á útvarpsþáttum haldi sæmilegri tryggð við frumtextann. Hörðustu aðdáendur Adams utana utan að og þeir eru því ekki líklegir til þess að skella mikið upp úr en geta hins vegar baðað sig í nostalgíunni. Þeim sem þekkja ekki til bóka Adams um Leiðarvísi puttalingsins um vetrarbrautina er hins vegar lofað geggjaðri skemmtun og miklum hlátri. Það er Martin Freeman (hinn geðþekki Tim úr The Office) sem leikur Dent og þykir gera það með miklum glæsibrag en hann er vel studdur úrvalsiði á borð við Mos Def, Sam Rockwell, Bill Nighy, John Malkovich og rödd Alans Rickman.



EKKI MISSA AF...

... Robin Williams fara hamföllum í hlutverki brotajárnsvélmannsins Fender í tölvuteiknimyndinni Robots. Sagan er einföld og hefveru verid sögð þúsund sinnum en



hér greinir frá ungum (vél)manni sem yfirgefur foreldrahús og fer á vit ævintýrana í stórborginni. Framsetningin er lífandi og skemmtileg þannig að útkoman er fyrirtaks fjölskyldumynd sem bæði ungir og aldnir geta haft gaman af.

FRUMSÝNDAR UM HELGINA

(DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM)



Ice Princess
Internet Movie Database 5,7 / 10
Rottentomatoes.com 52% / Rotten
Metacritic.com 6,2 / 10

Melinda and Melinda
Internet Movie Database 6,8 / 10
Rottentomatoes.com 53% / Rotten
Metacritic.com 6,2 / 10

Harmleikur og gamanleikur

Þegar sumir sjá hann fá þeir grænar bolur og slökkva. Aðrir liggja í hláturskrampa og segja hann vera einhvern fremsta kvikmyndagerðamann sögunnar. Hvort sem er þá hafa allir einhverja skoðun á Woody Allen.

Allan Konigsberg fæddist 1935 í Brooklyn hverfi New York borgar. Hann byrjaði að vinna fyrir sér sextán ára gamall með því að selja brandara í tímarit. Meðfram því vann hann sem uppistandari í nokkur ár og tók sér sviðsnafnið Woody Allen. Ferill hans í kvikmyndum hófst þegar hann var ráðinn til þess að skrifa handritið að myndinni What's up Pussycat eftir Clive Donner með þeim Peter Sellers og Peter O'Toole. Hann gerði sína fyrstu mynd 1966 þegar hann mæmaði japanska spæjaramynd í What's Up Tiger Lilly. Vissulega óvenjuleg mynd sem vakti þó verðskuldada athygli. Allen hélt áfram að gera myndir eftir eigin höfði og varð öllum á óvörum kyntákn áttunda áratugarins þegar hann heillaði konur upp úr skónum með einlægni sinni í kvikmyndinni Annie Hall.

Allen fer sínar eigin leiðir í kvikmyndagerð og það væri blátt áfram synd að tengja hann við eitthvað sem má rekja til Hollywood. Hann hefur jafnvel



WILL FERRELL OG RHADA MITCHELL Það þótti tíðindum sæta þegar leikarinn Will Ferrell fékk hlutverk í Woody Allen mynd. Ferrell hefur hingað til verið þekktur fyrir ærslafullar gamanmyndir.

óbeit á þeirri hlið kvikmyndanna. Hann hefur einu sinni mætt á Óskarsverðlaunahátíðina en það var árið 2002 þegar Óskarinn minnst þeirra sem létust í árásunum á Tvíbura-turnanna. Annars kys hann frek-

ar að spila á klarinettuna á bar með hljómsveitinni sinni þegar hátíðin fer fram.

Nýja öldin fór þó ekki vel af stað hjá Allen. The Curse of Jada Scorpion og Anything Else kolféllu báðar og gagnrýnendur

spurðu sjálfa sig hvort loksins væri komið að falli Woody Allen og hinni fjögurra áratuga veltengni væri loks lokið. Allen sjálfum gat þó ekki staðið meira á sama enda segist hann efast um að kvikmyndaiðnaðurinn hafi ótakmarkaðan áhuga á því sem hann er að gera.

Nýjasta kvikmynd hans, Melinda og Melinda, er óvenjuleg mynd frá hendi meistarans að mörgu leyti. Hún gerist þó, eins og nánast allar myndir hans, í New York. Það er þó engin Diane Keaton, enginn Alan Alda né Woody Allen í myndinni sem hingað til hafa verið trygging fyrir góðri Woody Allen mynd.

Melinda og Melinda segir tvær sögur af sömu manneskjunn. Laurel og hinn vonlaus leikari Lee ákveða að halda matarboði til heiðurs framleiðanda nýrrar kvikmyndar sem Lee á að leika í. Þegar matarboðið er komið vel á veg birtist Melinda, löngu týnd vinkona þeirra. Hefjast þá tvær sögur, annars vegar af Melindu þar sem hún er barnlaus, hamingjusöm kona á uppleið en hins vegar þar sem hún er gjörsamlega niðurbrotin andlega eftir erfiðan skilnað. Þetta eru því tvær sögur í einni, harmleikur og gamanleikur. Meðal leikenda í myndinni eru Will Ferrell og Rhada Mitchell sem leikur Melindu. ■

VATNSVIRKINN

býður þér sérstakan sumarglaðning

15% afsláttur!

15% kynningarafsláttur af öllum hreinlætistækjum í verslun okkar í tilefni sumarsins.

Gleðilegt sumar!!!



20% afsláttur!

Einnig bjóðum við 20% afsláttur af öllum Tylö saunavörum okkar.

Reynsla og fagmennska í fyrirrúmi og alltaf heitt á könnunni!



VATNSVIRKINN

Ármúla 21 • 108 Reykjavík • Sími 533 2020 • Afgreiðslutími: Virka daga 8-18 Laugardaga 10-16

Fjölskyldumynd á skautum

Nýjasta afurð Disney-fyrirtækisins er skautamyndin Ice Princess en hún verður frumsýnd í Sambíunum, Álfabakka og Kringlunni og á Akureyri 22. apríl. Myndin segir frá táningsstúlkunni Casey Carlyle sem finnst hún hvergi eiga heima. Hún er drifin áfram af einstæðri móður sinni svo hún komist inn í Harvard-háskólann. Líf hennar tekur hins vegar stakkaskiptum þegar hún ákveður að fjalla um listdans á skautum vegna verkefnis í skólanum. Þar kemst hún í kynni við skautadrottninguna Gen Harwood og móður hennar, Tinu, sem æfa sig af kappi. Þar uppgötvast áður óþekktir hæfileikar Casey á svellinu. Hún fær því tækifæri til þess að kynnast sjálfri sér og ástinni auk þess sem hún upplifir gleði og sorg skautadansarans. Casey

verður því að gera upp við sig hvort hún vilji hverfa aftur til síns gamla lífs eða verða hin sanna skautaprinsessa.

Það eru ungar og upprennandi leikkonur sem fara með aðalhlutverkin í þessari nýjustu mynd leikstjórans Tim Fywell. Casey er leikin af Michelle Trachtenberg sem aðdáendur Buffy the Vampire Slayer ættu að kannast við. Skautadrottningin Gen Harwood er leikin af Hayden Panettiere sem hefur leikið í myndum á borð við Remember the Titans og Raising Helena. Auk þeirra leika hinar gamalreyndu leikkonur Joan Cusack og Kim Cattrall meður þeirra en þess má til gamans geta að heimsþekktir skautadansarar koma fram í myndinni, þar á meðal Michelle Kwan og Brian Boitano. ■



KIM CATTRALL OG MICHELLE TRACHTENBERG Í ICE PRINCESS Casey fær tækifæri til þess upplifa gamlan draum og verða skautaprinsessa

Myrkfælinn hryllingsleikstjóri

Spænska hryllingsmyndin *Darkness* er sýnd á IFFF 2005 kvikmyndahátíðinni en myndin hefur vakið mikla athygli á leikstjóranum og handritshöfundinum Jaime Balagueró.

„Ég er að vinna með hugmyndir mínar um hvernig börn skynja myrkrið en ólíkt fullorðnum finnst þeim það vera áþreifanlegt og oftar en ekki trúna þau því að eitthvað illt leynist í myrkrunu,“ segir Balagueró. „Það er erfitt fyrir fólk að ná tökum á börnum í myrkrunu enda upplifum við öll ákveðið valdleysi þegar við erum í myrkri. Fyrir mér hefur myrkrið margar merkingar og þess vegna skrifaði ég þessa sögu.“ *Darkness* sló í gegn á

Spáni árið 2002 en þegar hún kom loks í bíó í Bandaríkjunum um jólin 2004 gerði hún stormandi lukku þannig að vegur leikstjórans fer vaxandi úti í hinum stóra heimi kvikmyndanna.

Darkness fjallar um fjölskyldu sem flytur til Spánar frá Bandaríkjunum og sest að í stóru húsi sem er í meira lagi draugalegt. Það kemur líka fljótt á daginn að það leynist eitthvað miður gott í húsinu og það virðist tengjast hörmulegum atburðum sem fjölskyldu-faðirinn lenti í 40 árum áður.

Balagueró teflir fram alþjóðlegum stórleikurum á borð við Önnu Paquin og Lenu Olin og það hlýtur því að liggja beint við að spyrja hvort það hafi ekki

verið erfitt fyrir frekar óþekktan, spænskan leikstjóra að fá leikarana til liðs við sig á Spáni. „Það var ekkert mál. Miramax var með okkur í þessu og hafði milligöngu um ráðningu leikaranna,“ segir Balagueró sem heldur sig við hryllinginn og er nú að leggja lokahönd á myndina *Fragile*. Hann skrifar handritið að henni sjálfur og byggir hana á sögu sem kunningi hans sagði honum fyrir nokkrum árum en myndin fjallar um hjúkrunarkonu frá London sem tekst á við ógnir og bölvun sem leynist á efri hæð barnspítala. Hæðin hafði verið innsiglið fyrir 40 árum. Það er engin önnur en Ally McBeal-stjarnan Calista Flockhart sem leikur hjúkrunar-



ANNA PAQUIN Lendir heldur betur í hremmingum þegar hún flytur inn í draugahús á Spáni í *Darkness*.

konuna þannig að Balagueró heldur áfram að laða að sér stór nöfn úr bransanum. En er hann sjálfur hræddur við myrkrið? „Já, ég er hræddur við myrkrið vegna þess að ég sé

ekki neitt í myrkri. Ég er samt mikill hryllingsmyndaáðdáandi og hef verið það frá því að ég var krakki en þá horfði ég mikið á hryllingsmyndir, bæði vondar og góðar.“ ■



ETT HÁL Í MITT HJARTA Gagnrýnandi Fréttablaðsins segir þessa umdeildu mynd stórmerkilega og hvetur hugsandi fólk til þess að sjá hana.

[SMS]

UM MYNDIRNAR Á IFFF 2005

Hotel Rwanda

„Á yfirborðinu fjallar Hótel Rúanda ekki um sinnuleysi alþjóðasamfélagsins heldur reynir frekar að upplýsa áhorfandann um þá örvæntingu og skelfingu sem greip um sig meðal Tútsa og er áhrifarík þar sem hún fangar óttann, reiðina og örvæntinguna.“ **FGG**

Mean Creek

„Þessi mynd er ekki predikun yfir unglungum í Bandaríkjunum. Hún er frekar nokkurs konar þæling um það, hvernig svona atburðir geta átt sér stað. Grimmd og viðkvæmni eru í hámarki hjá mannskepunnni á unglingsárunum og stríðni virðist oft fara yfir strikið.“ **HD**

Der Untergang

„Þrátt fyrir lengd myndarinnar er *Der Untergang* tvímælaust ein af betri kvikmyndum IFFF-hátíðarinnar og nær að fanga þá örvæntingu sem ríkti á síðustu dögum Þriðja ríkisins á sannfærandi hátt.“ **FGG**

Garden State

„Eitt er víst: Zach Braff kann að leikstýra. Hér er nefnilega á ferðinni frábært smábæjar-indí-drama sem á heima á sömu gæðahillu og *You Can Count on Me* og *Virgin Suicides*.“ **HD**

Maria, Ilena eres de gracia

(*Maria Full of Grace*) „Ágæt frumraun þó herslumuninn vanti. Bæði Joshua Marston og Catalina Sandino Moreno er trúandi til að láta mikið að sér kveða í framtíðinni.“ **BS**

9 Songs

„Það verður ekki hjá því komist að vara suma við myndinni en *9 Songs* er þó ekki klámmynd því hún sýnir kynlífinu þá virðingu sem það á skilið.“ **FGG**

The Woodsman

„Kevin Bacon gerir persónu Walters frábær skil í *The Woodsman* en myndin setur áhorfandann í þá óþægilegu stöðu að geta ekki komist hjá því að finna til með niðingnum.“ **DP**

Ett Hál í mitt hjarta

(*A Hole in my Heart*) „Þetta er ein ljótasta og yfirgengilegasta mynd sem undirritaður hefur séð og það er varla hægt að mæla með henni við nokkurn mann með góðri samvisku en það breytir því ekki að þetta er stórmerkileg mynd sem hugsandi fólk ætti ekki að láta fram hjá sér fara.“ **DP**

Shi mian mai fu

(*House of Flying Daggers*) „Það sem fyrir augu ber í sumum atriðum er töfrum líkast þannig að *The Matrix* fólmar í samanburðinum. Þeir kunna þetta sko í Kína og þessi mynd er í senn dásamleg og alveg gersamlega, brjálæðislega góð.“ **DP**

Diarios de motorcicleta

(*Motorcycle Diaries*) „Myndin er fyrst og fremst vel skrifuð, frábærlega leikin, kvikmyndataka er hreint augnakonfekt og tónlistin er rúsinan í pylsuendanum. Hún hefur því allt til brunns að bera að geta verið góð kvöldskemmtun.“ **FGG**

Freyr Gíjja Gunnarsson
Hugleikur Dagsson
Bergsteinn Sigurðsson
Þórarinn Þórarinnsson


TILBOÐ VIKUNNAR

Nýjar og vinsælar geislaplötur og DVD diskar á frábæru tilboði í verslunum Skífunnar.



Vikutilboð
1.899 kr.

Robert Plant - Mighty Rearranger
Ísland verður fyrsta landið sem gefur út nýju sólóplötu Robert Plant sem þykir vera með hans bestu verkum. Andí Led Zeppelin flýgur yfir þessari frábæru plötu.



Vikutilboð
1.999 kr.
2 CD

Pottþétt 37
Platan inniheldur m.a. 6 lög með íslenskum flýgjendum og má þar nefna fyrsta lagið sem Hildur Vala sendir frá sér. Þú finnur flest vinsælustu lögin í dag á Pottþétt 37.



Vikutilboð
1.999 kr.
2 CD

Femin
Á plötunni er að finna ballöður og popplög með flestum af vinsælustu listamönnum heimsins í dag og einnig splunkunýtt lag með Jóni Sigurðssyni „Min eina ást“.



Vikutilboð
1.899 kr.

Daft Punk - Human After All
Fyrsta plata Daft Punk í fjögur ár, elektrónískt popp af bestu gerð. Platan inniheldur m.a. fyrsta lagið „Robot Rock“.



Vikutilboð
1.899 kr.

Velvet Revolver - Contraband
Tónleikar Velvet Revolver í Egilshöll 7. júlí verða án efa einn af stórvörðum ársins. Platan inniheldur m.a. *Fall To Pieces*, *Slither*, *Set Me Free* og *Dirty Little Thing*.



Vikutilboð
2.199 kr.

Í svörtum fötum - Meðan ég sef
Ein vinsælasta hljómsveit landsins sendir frá sér glæsilegan DVD disk sem geymir útgáfutónleika plötunnar Meðan ég sef auk myndbanda, karóki og heimildamynda. Skyldueign fyrir alla aðdáendur Jónsa og félagar.



Vikutilboð
1.299 kr.

Keane - Live Recordings 2004
Glæný 6 laga EP plata frá breska trióinu Keane. Þeir heimsóttu okkur heim á síðasta ári og tróðu upp á margrömuðum tónleikum í Hafnarhúsinu 23. október á Airwaves hátíðinni. Tónleikarnir voru teknir upp og er eitt lag af tónleikum á þessari plötu.



Vikutilboð
1.899 kr.

The Bravery - The Bravery
Eitt heitasta rokkbandið í dag. Þetta er fyrsta plata Íslandsvinanna í The Bravery, en þeir tróðu upp á Airwaves hátíðinni í fyrra við góðan orðstír. Platan inniheldur m.a. lögin *An Honest Mistake* og *Unconditional*.




Vikutilboð
1.899 kr.

Mariah Carey - The Emancipation of Mimi
Tíunda stúdíóplatan frá söngdivunni, en platan inniheldur m.a. smellið *It's Like That*. Einvallalið leggur henni lið við gerð plötunnar, og nægir að nefna The Neptunes, Nelly, Snoop Dogg, Jermaine Dupri og fleiri.



Vikutilboð
1.899 kr.

Garbage - Bleed Like Me
„Bleed Like Me“ er fjórða plata Garbage en um þessar mundir eru 10 ár liðin frá útkomu fyrstu sveitarinnar. Fyrsta smáskífulag plötunnar, *Why Do You Love Me*, hefur fengið feiknagóðar viðtökur undanfarið.



Vikutilboð
1.899 kr.

New Order - Waiting For The Sirens Call
New Order átti eftirminnilegt „comeback“ fyrir 4 árum með rokkplötunni „Get Ready“. Á nýju plötunni „Waiting For The Sirens Call“ kveður við hefðbundnari New Order-tón þar sem hljómborð og þungur bassi eru í aðalhlutverki en gítarrokkið er þó aldrei langt undan.



Vikutilboð
1.899 kr.

Guns N Roses - Greatest Hits
Lög Guns N Roses munu hljóma ött og títt á tónleikum Velvet Revolver í Egilshöll 7 júlí næstkomandi, því þar munu þeir taka helst smelli Guns N Roses í bland við nýju lögin sín. Hitaðu upp við bestu lög Guns N Roses.



Jesú og erkiengillinn óttalegir vitleysingar

Borgarholtsskóli hefur nú sett upp leikrit sem ber hið skemmtilega og óvenjulega nafn „Bannað að sofa hjá Maríu Mey“. Tólf leikarar fara með hlutverk í leikritinu en þeir eru allir nemendur í Borgarholtsskóla. Höfundar leikrítisins eru einnig nemendur skólans en það eru þeir Nói Kristinsson og Hrafnkell Stefánsson.

„Það er leikfélagið í skólanum sem er á bakvið leikritið en afar margir nemendur taka þátt í gerð þess. Margmiðlunarhönnunarbautin sér um sviðið og hönnunina á bakvið, eins og plaköt og leikskrá. Svo er það fjölmiðlunarbrautin sem markaðssetur leikritið. Það er að okkar mati frábært að mismunandi deildir geti hjálpast að við að gera leikritið sem eftirminnilegast,“ segir Hrafnkell.

„Leikritið fjallar um strák sem heitir Davíð sem deyr og skilur eftir sig kærustu. Hann fer til himna þar sem hann hittir Jesú og Mikael erkiengil en þeir tveir eru óttalegir vitleysingar í leikritinu. Þeir fá svo skilaboð þess eðlis að

hin nýja María Mey sé á leiðinni að sofa hjá kærastanum. Það er sko búið að velja nýja Maríu Mey því Jesú þarf að endurfæðast. Mikael erkiengill og Davíð eru svo sendir til jarðarinnar til þess að sannfæra Maríu Mey um að sofa ekki hjá kærastanum.“

Hrafnkell skrifaði leikritið ásamt félagi sínum Nóa en þeir hafa verið að skrifa saman síðan þeir voru tíu ára þattar í Hafnarfirðinum.

„Við gerðum leiðinlegt handrit þegar við vorum litlir um vélmenni úr framtíðinni og síðan þá höfum við mikið verið að grúska í stuttmyndum. Hugmyndin að þessu leikriti er blanda af alls konar hugmyndum sem varð að söngleik en þegar við sáum að Borgó vantaði leikrit þá breyttum við þessu bara í leikrit,“ segir Hrafnkell en báðir eru þeir Nói á braut sem kallast Margmiðlunarhönnun.

Aðspurður hvert stefnan sé tekin í framtíðinni segir hann: „Ég stefni á að fara út í kvikmynda-skóla og læra að verða frægur

leikstjóri og Nói stefnir á kvikmyndagerðina líka en svo langar hann líka að verða rit-höfundur. Hann er núna að skrifa skáldsögu og hefur verið að reyna að punga henni eitthvað út. Undanfarið höfum við svo verið að skrifa handrit að sjónvarpsþáttar-röð sem við erum mjög spenntir fyrir og verður vonandi að veruleika.“

Leikritið hefur að sögn Hrafnkells fengið mjög góðar viðtökur. „Fólk hefur hlegið út allt leikritið og það er greinilegt að fólk virðist skemmta sér mjög vel í áhorfendasal. Þetta er auðvitað umfram allt grínleikrit. Sumir hafa horft á titilinn og haldið að þetta væri eitthvað trúarlegs eðlis en þetta er alls ekki þannig. Við feng-

um líka góðan leikstjóra en það er hún Guðný María Jónsdóttir. Hún hefur áður leikstýrt leikriti fyrir Borgarholtsskóla og einnig leikstýrði hún einleiknum Sellófan þegar hann var fluttur til Ítalíu.“

Bannað að sofa hjá Maríu Mey er sýnt í Iðón og aðgangseyrir er aðeins þúsund krónur. Órfaár sýningar eru eftir og því um að gera fyrir áhugasama að drífa sig. „Það

var uppselt á síðustu sýningu og næsta sýning er klukkan fimm á sunnudaginn. Ef það selst vel á hana verður allavega ein aukasýning,“ segir þessi ungi leikrita-höfundur, glaðvæðin uppmáluð. Það liggur í augum uppi að eitthvað á eftir að bera á þessum tveimur ungu mönnum í framtíðinni sem strax á menntaskólaár-um geta kallað sig leikritaskáld. ■



HRAFNKELL STEFÁNSSON OG NÓI KRISTINSSON Þeir eru höfundar leikrítisins sem Borgarholtsskóli hefur nú sett upp. Þeir hafa verið að skrifa saman frá tíu ára aldri og það er víst að eitthvað á eftir að bera á þeim félögum í framtíðinni.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Liz Hurley segir Elton John kaupa flest fót á son hennar. Hún segir Elton fara með strákinn í innkaupferð tvisvar á ári.

„Hann og kærastinn hans, David Furnish, eru indælustu menn í heimi. Þeir kaupa fötin á Damien. Tvisvar á ári fara þeir með mig og Damien í innkaupaleiðangur og við kaupum öll sumar fötin og svo kaupum við öll vetrarfötin,“ segir Hurley. Elton er guðfaðir Damien.



Ben Affleck ætlar að prufukeyra kennarastarfið á næstunni. Hann mun kenna leiklist

einu sinni í viku í sumar og vill þannig gefa öðrum tækifæri til þess að láta draum um leikarastarfið rætast. „Almenningur hefur verið mér frábær og mig langar því að deila því sem ég hef lært til annarra. Mér datt bara í hug að það gæti verið gott að gefa eitthvað til baka,“ sagði Affleck.

Jodie Foster mun leika með Denzel Washington og Clive Owen í væntanlegri mynd. Hún hefur fengið nafnið Inside Man og verður leikstýrt af Spike Lee. Myndin fjallar um lögfræðing sem reynir að kleggja á útsmognum bankaræningja. Foster mun leika lögfræðing sem endar á því að flækja málið enn meir. Tökur á myndinni hefjast seinna í ár.



HYUNDAI
hefur gæðin

Bíll ársins

» Hyundai Tucson
Verð frá kr. 2.320.000

ÞANDALAG ÍSLENSKRA
BÍLL
ÁRSINS
2004
BÍLABLADAMANNA

Í FLOKKI JEPPIA OG JEPPLINGA



Hyundai Tucson CRDi-Diesel, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.680.000
Bílasamningur kr. 35.900 á mánuði.
m.v. 10% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla*.



Með bílinn handa þér

B & L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílas Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanessbæ sími 421 4444
Bifreiðaverkstæðið Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bílaleiga Húsavíkur sími 464 1888

TÖLVUVEIKIR



STAR WARS Glænýtt umhverfi Star Wars Battlefront II er tekið beint úr kvikmyndinni Star Wars: Episode III.

NÝIR geimbardagar

Tölvuleikurinn Star Wars Battlefront II verður gefinn út í haust á PlayStation 2, Xbox og PC. Leikurinn tekur forvera sínum töluvert fram og býður upp nýja geimbardaga, spilanlegar Jedi perónur og glænýtt umhverfi sem er tekið beint úr kvikmyndinni Star Wars: Episode III Revenge of the Sith, sem er væntanleg í næsta mánuði. Aðdáendur fyrri Star Wars Battlefront-leiksins munu einnig fá að upplifa nýja „single-player“ upplifun þar sem leikmenn fara í gegnum stórbrotna sögu þar sem ákvarðanir þeirra hafa áhrif á vígvöllinn og allan Star Wars heiminn.

Meiri blús frá Clapton

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Eric Clapton gaf fyrir ári síðan út plötuna Me and Mr. Johnson þar sem hann spilaði fjórtán af lögum blúsarans goðsagnakennda Roberts Johnson.

Fyrir nokkru síðan kom síðan út þessi plata sem inniheldur enn fleiri lög eftir blúsarann auk þess sem DVD-diskur fylgir með myndum sem voru teknar á æfingum Claptons og hljómsveitar hans. Clapton er hér á sínum



ERIC CLAPTON
SESSIONS FOR ROBERT J

NIÐURSTAÐA: Erfitt er að taka út eitt lag á þessum tvöfalda grip því víðast hvar fer Clapton á kostum, hvort sem hann er einn að strjúka gítarinn eða með hljómsveit sinni.

heimavelli, enda gerði hann garðinn hvað frægastan á sínum tíma í hljómsveitinni Cream sem byggði vinsældir sínar á blúshefðinni.

Erfitt er að taka út eitt lag á þessum tvöfalda grip því víðast hvar fer Clapton á kostum, hvort sem hann er einn að strjúka gítarinn eða með hljómsveit sinni. Bestu löginn voru þó með Clapton einum og sér, þar sem hrár gítarleikurinn fékk betur að njóta sín. Terraplane Blues, Me and the Devil Blues og Ramblin' on My Mind voru þar eftirminnileg.

DVD-upptökurnar hafa yfir sér kæruleysislegan blæ sem gefur þeim ákveðinn sjarma. Þarna hlustar maður á blúsinn eins og hann kemur úr kúnni. Ekkert vesen og allir virðast bara vera að skemmta sér þrýðilega. Hvað er annað hægt þegar svona fögur blústonlist er spiluð, og það svona asskoti vel?

Freyr Bjarnason

Myndasögur framtíðarinnar

Um síðustu helgi var opnuð í aðalsafni Borgarbókasafni Reykjavíkur við Tryggvaötu sýning á teiknimyndasögum eftir unga og efnilega höfundum. Tílfni sýningarinnar er Níán – myndasögumessan í Listasafni Reykjavíkur, en báðum sýningunum lýkur á sunnudaginn. Á sýningunni sýna á annan tug ungra myndasöguhöfundum verk sín. Þeir eru á aldrinum tólf til nítján ára og hafa margir hverjir sótt námskeið í myndasögugerð. Þeir Bjarni, Gylfi og Elías voru mættir á opnun sýningarinnar á laugardaginn ásamt fleiri ungum myndasöguhöfundum. Á sýningunni gefst gott tækifæri til þess að kynna sér nýsköpun í myndasögugerð og vinnubrögð þeirra sem gætu lagt fyrir sig þessa listgrein í framtíðinni.

BJARNI, GYLFI OG ELÍAS Þrír teiknimyndasöguhöfundanna ungu.



HP TÖLVUR Á TILBOÐSVERÐI Í PENNANUM



HP DC7100 heimilistölva með 19" flötum skjá

Örgjörvi: Intel P4 (3,2GHz), 800 MHz FSB og Hyper-Threading
Skjár: HP L1940 19" TFT LCD skjár
Minni: 1GB minni
Harður diskur: 160GB harður diskur
Drif: 16X DVD skrifari (DL/DF)
Skjákort: ATI RNX300SE 128MB skjákort

Hljóðkort: SoundMax Digital AC97 hljóðkort með innbyggðum hátalara
Netkort: 10/100/1000 ethernet controller netkort USB 2.0
Stýrikerfi: Microsoft Windows XP Home
Ábyrgð: 3ja ára ábyrgð á vinnu og varahlutum.

Vörunúmer: 1000PKHEIMILIS2



Hátalarar Harman / Kardon

Práðlaust lykklaborð / mús

